

Íbúi sem býr í hverfinu en fékk ekki kynningarbréfið og spyr spurninga

Sæll,

Vísað er í fundargerð umhverfis- og framkvæmdarráðs Hafnarfjarðar nr. 446 frá 15. maí 2024 og í kynningarbréf Hafnarfjarðarbæjar frá 12. júlí 2024 sem því miður var einungis sent til örfáa íbúa/heimila við Ástjörn.

Í ofangreindu bréfi og fundargerð er rætt um að setja frísbíggjufvöll við Ásfjall tengdu friðslýstu svæði Ástjarnar og Ásfjalls.

Fram kemur í kynningarbréfi að þetta eigi að vera 18 brauta frísbíggjufvöllur skóglendinu við rætur Ásfjalls og að svæðið hafi ekki deiliskipulag en í aðalskipulagi sé svæðið skilgreint sem opið svæði.

Í fundargerð kemur fram umsögn umhverfis- og skipulagssvið sem segir mjög lítið. Jafnframt átti samkvæmt fundargerð að vera kostnaðaráætlun sem ekki er til staðar á heimasíðu bæjarins.

Undirrituð hefur eftirfarandi athugasemdir varðandi stjórnarsýslu Hafnarfjarðarbæjar og framkvæmd hennar við þetta mál:

Fram kemur á heimasíðu Frísbíggjufélags Hafnarfjarðar að um sé að ræða 18 holu keppnisvöll. Ekki er hægt að lesa það í umsögn umhverfis- og skipulagssvið sem var lagt fram undir mál 2209799 í fundargerð nr. 446 frá 15 maí sl. Né var hægt að lesa slíkt í kynningarbréfi Hafnarfjarðarbæjar frá 12. júlí sl. Frekar er látið í veðri vaka að um sé að ræða völlu eingöngu til almenningsnota. Talsverður munur er á hönnun á keppnisvöllum og völlum til almenningsnota þar sem almenningur þarf minni velli, styttri lengdir brauta og minna erfiðleikastig á brautunum. Ef um keppnisvöll er að ræða þá má reikna með að breytingar á svæðinu munu verða umtalsverðar og hafa mikil áhrif á náttúruna þar í kring. Því má líta svo á að raskið á umhverfi verði talsvert mikið.

Svæðið er friðlýst svæði og hefur því annan lagalegan sess heldur en "opið svæði". Undirrituð gat því miður ekki séð í neinum gögnum skriflegt svar frá Umhverfisstofnun varðandi málið né gat undirrituð fundið samráðsgátt varðandi málið þar sem um friðlýst svæði er að ræða.

Ekki er fullnægjandi að benda á gular línur sem eiga að teljast til keppnisbrauta og láta hvergi koma fram hver afmörkun brauta er í metrum talið. Leiðir um hinn svokallaða íþróttavöll er utan skilgreindra göngustíga á svæðinu og kastbrautir liggja nálægt göngustígunum þar sem erU gangandi vegfarendur. Auk þess liggja sumar keppnisbrautirnar mjög nálægt eða afgang við íbúðarhús.

Það lítur út fyrir að ekki hafi verið gert ráð fyrir neinni þjónustu á svæðinu t.d. klósettaðstöðu fyrir iðkendur þar sem gera má ráð fyrir að kostnaður vegna þrifa getur orðið umtalsverður.

Það lítur út fyrir að ekki hafi verið gert ráð fyrir neinum skipulögðum bílastæðum við íþróttavöllinn.

Hvernig á að tryggja að gangendur og eigendur húsa við íþróttavöllinn verði ekki fyrir meiðslum né að skemmdir verða á nærliggjandi húsum?

Hvernig er hægt að tryggja að skotstefnan á brautunum verði frá friðland?

Hvernig er hægt að lágmarka að kastað sé yfir göngustíga á svæðinu? Hver sér um það eftirlit? Verður ráðið inn starfsfólk í fullt starf og þá í vaktavinnu til að tryggja slíkt?

Hver hefur eftirlit með að passað sé að friðland sé virt og varp ekki sett í hættu? Tekið er fram á skiltum á svæðinu að tímabilið 1. maí til 15. júlí ár hvert eru mjög strangar reglur í gildi. Verður ráðið inn starfsfólk í vaktavinnu til að gegna því hlutverki að passa sérstaklega upp á friðlandið?

Hvernig verður tekið tillit til friðaðra fornminja á svæðinu? Er til stefna og áætlun varðandi slíkt fyrir svæðið?

Eins og þessi kynning hefur verið sett fram þá lítur út fyrir að verkefnið hafi ekki verið hugsað til enda, hvorki kostnaðarlega séð né með tilliti til öryggis vegfarenda og íbúðareiganda á svæðinu.

Óskað er eftir að fundið verði annað svæði fyrir frísbísgolfvöll innan Hafnarfjarðar.

Virðingarfyllt

Pórey I. Guðmundsdóttir

Íbúi í nærliggjandi umhverfi sem fékk ekki kynningarbréf.

Afrit af þessum tölvupósti er sendur á Umhverfisstofnun,

þar sem fram kemur í fundargerð frá 15. maí sl að "Umhverfisstofnun hafi gefið jákvæð viðbrög við þessari tegund útvistar innan fólkvangsins".

Erluás 11

From: Berglind Ros Gudmundsdottir <berglindrg@hotmail.com>
Sent: föstudagur, 9. ágúst 2024 20:11
To: Geir Bjarnason <geir@hafnarfjordur.is>
Cc: Hafnarfjörður Hafnarfjordur <hafnarfjordur@hafnarfjordur.is>; ust@ust.is
Subject: Vegna kynningarbréfs vegna fyrirhugaðs frisbígolfvallar við Ásfjall

Til þeirra er málið varðar,

Við undirrituð gerum athugasemdir vegna dagsetts bréfs 12.júlí 2024 frá Hafnarfjarðarbæ er varðar fyrirhugaðan frisbígolfvöll í friðlandi Ástjarnar.

Í umræddu bréfi kemur ekki fram að umræddur fyrirhugaður frisbígolfvöllur er keppnisvöllur líkt og má sjá á heimasíðu Frisbígolffélags Hafnarfjarðar <https://www.ffh.is/> og mun vera kostaður af Hafnarfjarðarbæ.

Athugasemdir snúa að rangri upplýsingagjöf frá Hafnarfjarðarbæ varðandi þetta atriði umrædds bréfs auk annarra þar sem t.d. ekkert kemur fram hvað nákvæmlega þurfi að gera til að koma vellinum að í friðlandinu. Gerum einnig athugasemd varðandi villandi og óskýra mynd af folf keppnisvellinum - hvar er hægt að sjá nákvæma mynd sem er ekki pixluð og þar sem keppnisvöllurinn er settur inn í réttum hlutföllum?

Hvað þarf að fjarlægja mikið af gróðri og trjám? Hvernig verður tryggt að friðlandið verði enn þannig að fólk geti notið þess að fara í gönguferðir á stígunum þar án þess að fá folfdisk í sig? Hvernig verður Hvítasunnulaup Hauka? Þarf að breyta hlaupaleiðinni vegna þessa?

Hvernig verður tryggt að þarna verði ekki spilað folf á sumarnóttum með tilheyrandi látum?

Ekkert kemur fram er varðar kostun bæjarins sem eru þá útsvarsgreiðendur sem greiða fyrir þennan völl. Engin kostnaðaráætlun finnst á vef Hafnarfjarðarbæjar fyrir verkefnið sem er óeðlilegt. Hver er kostnaðaráætlunin fyrir þetta verkefni?

Ekkert kemur fram hvar er hægt að finna umsögn Umhverfisstofnunar sem vitnað er í sem jákvæða þar sem ekkert finnst um þetta mál í neinni samráðsgátt. Hvar er þessi jákvæða umsögn til sem vísað er til í umræddu bréfi?

Ekkert er rætt um bílastæði eða aðstöðu fyrir keppnisvöllinn sem er áætlaður í friðlandinu. Hvar eiga keppendur og iðkendur að leggja bílum sínum? Hvar verður aðstaða fyrir þessa aðila?

Upplifun okkar sem íbúa er að keyra hafi átt þetta í mál í gegn þegar sem flestir bæjarbúar væru í sumarleyfi og hefðu ekki tók á að koma með athugasemdir varðandi þessa framkvæmd og er það miður að geta ekki treyst stjórnendum sveitarfélagsins. Einnig virðist sem svo að ekki allir

Íbúar í Áslandi hafi fengið umrætt bréf og förum við því fram á að veittar verði upplýsingar um hvaða götur voru valdar út til að fá bréfið inn um bréfalúguna.

Bendum einnig á að nú þegar getur fólk notið útivistar á svæðinu án neins tilkostnaðar.

Við óskum eftir skriflegum svörum við ofangreindum athugasemdum eigi síðar en 20. ágúst 2024.

Ólafur Fannar Jóhannsson

Berglind Rós Guðmundsdóttir
Erluási 11, 221 HFJ

B.t. Geir Bjarnasonar
Íþróttá- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar
Strandgötu 6, Hafnarfirði

Hafnarfjörður 9. ágúst 2024

EFNI: Athugasemdir við fyrirhugaðan frísbíggjövöll við Ásfjall og Ástjörn

Íþróttá- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar Geir Bjarnason sendi kynningarbréf sem dagsett var 12. júlí 2024 til nokkurra íbúa sem búa í næsta nágrenni við fyrirhugaðan frísbíggjövöll við Ástjörn og Ásfjall. Samkvæmt upplýsingum í bréfinu var málið á dagskrá hjá umhverfis- og framkvæmdaráði Hafnarfjarðar þann 15. maí s.l. sem vísaði málinu áfram til kynningar til „nærliggjandi“ [svo] íbúa. Þrátt fyrir að Ástjörn hafi verið friðlýst 1978 og fólkvangurinn Ásfjall stofnaður árið 1996¹, hefur um 9000 m² (3,4% friðlandsins) farið undir uppfyllingu á íþróttasvæði Hauka².

Hverjum kemur málið við?

Það er fyrir algæra tilviljun að afrit af umræddu bréfi barst undirrituðum í hendur og þar með upplýsingar um fyrirhugaðan frísbíggjövöll innan fólkvangsins. Alvarlegar athugasemdir eru gerðar við skort á upplýsingum til íbúa Hafnarfjarðar um málið. Framkvæmdin er þannig kynnt að hún varði eingöngu hluta íbúa sem búa næst framkvæmdarsvæðinu þ.e. örfáa aðila í Spóaási og Erluási. Þessi málsmeðferð sýnir virðingarleysi gagnvart þeim fjölmörgu íbúum bæjarins sem njóta viðveru í friðlandinu og fólkvangnum sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum og ætlaður til útivistar og almenningsnota.³ Fólkvangurinn er umlukinn ört vaxandi íbúabyggð ekki aðeins í Áslandi heldur einnig Skarðshlíð og Völlum. Fólkvangurinn er gríðastaður þeirra rétt eins og íbúa í götum í næsta nágrenni fyrirhugaðs frísbíggjovallar, og reyndar allra Hafnarfirðinga og nærsveitunga sem nýta sér umrætt svæði til útivistar, hvort sem það er til göngu, hlaupa, hjóleiða, fugla- og náttúruskoðunar, skoðunar á jarðfræði, útsýnis, til að njóta friðar og ró, eða til fagurfræðilegrar upplifunar í skjólsælli skógrækt á svæðinu. Enda er friðlandið, Ástjörn og svæðið umhverfis hana mjög auðugt af gróðri- og dýralífi og einstök náttúruparadís á höfuðborgarsvæðinu.

Það er eðlileg krafa að umrædd tillaga fari í almenna kynningu t.d. með formlegum kynningarfundum fyrir alla íbúa í Hafnarfirði og að haft verði samráð við þá áður en haldið verður lengra með málið. Á þeim fundi ættu sjónarmið sem flestra hagsmunaaðila að fá tækifæri til að koma fram, enda mikið í húfi. Náttúruverndarinnar, skógræktarfélag, Fuglaverndarfélag Íslands o.s.frv. munu án efa hafa eitthvað til málanna að leggja.

Íþróttá- og keppnisvöllur á svæði sem er ekki skilgreint til íþróttastarfs?

EKKI reyndist auðvelt að finna upplýsingar um málið á vef bæjarins, en upplýsingaleit um forsendur þessarar tillögu leiddi í ljós að Hafnarfjarðarbær hefur gert samkomulag um við FFH um „18 holu keppnisvöll“, sbr. heimasíðu FFH sem segir „Spennandi tímar eru framundan, en félagið, í samvinnu með ÍFS, hefur þegar komist að samkomulagi við

¹ https://hafnarfjordur.is/wp-content/uploads/2022/11/AH-endurskodud-greinargerd-endanleg_15.04.19.pdf

² https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Astjorn__textiGT.pdf

³ https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf_skrar/hvitbok_natturuvernd_11.pdf

Hafnarfjarðarbæ um kostun á 18 holu keppnisvelli í landi bæjarins og standa nú viðræður yfir um staðsetningu. Vonast er til að hefja framkvæmdir vorið 2023.⁴

Orðalag kynningarbréfs Íþrótt- og tómstundafulltrúa Hafnarfjarðar vikur í raun ekkert að þessari staðreynd heldur er beinlínis villandi, þar sem því er haldið fram að um sé að ræða „aðstöðu sem almenn útivist tilheyrir“. Engar upplýsingar er að finna um fyrirhugaða íþróttastarfsemi. Eins er fullyrt að verið sé að kynna framkvæmd sem rúmast innan gildandi deiliskipulags. Í gildandi Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, kemur fram í umfjöllun um umhverfi og útivist reglur um fólkvanginn. Í fyrstu reglu segir: „Gangandi fólk er frjáls umferð um svæðið enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður og valda óþarfa truflun á dýralíf“ (bls. 17).⁵

Keppnisvöllur er ætlaður til æfinga og keppni fyrir skipulagða íþróttastarfsemi og samrýmist engan vegin notkun almennings á opnum svæðum eins og látið er að liggja í kynningarbréfinu. Notkun almennings á opnum svæðum byggir fyrst og fremst á sjálfstýrðu vali viðkomandi einstaklinga til að njóta útivistar með þeim hætti sem hæfir aldri, heilsu og færni hvers og eins og þá sjálfum sér til ánægðu og lífsfyllingar, hvort heldur einn og sér eða í samfylgd vina og vandamanna. Slík breyting á notkun felur í sér aukningu á umferð um svæðið eins og fylgir skipulögðu íþróttastarfi og keppi í íþróttinni. Samkvæmt 3. reglu Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005-2025 kemur jafnframt fram „Svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar“.⁶

Enn undarleggra er að rekast á bréf í Íbúagátt Hafnarfjarðarbæjar undirritað af Berglindi Guðmundsdóttur landslagsarkitekt þar sem hún vísar í að Umhverfisstofnun hafi gefið jákvæð viðbrögð við þessari tegund útivistar innan fólkvangsins⁷. Hvar er hægt að lesa sér til um þessi jákvæðu viðbrögð? Þau hafa væntanlega borist bænum skriflega?

Í kafla 4.2 í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 (bls 32-33) eru opin svæði til sérstakra nota skilgreind m.a. fyrir íþróttastarfsemi, friðlandið við Ástjörn/Ásfjall og fólkvangurinn er ekki á þeim lista.⁸ Hins vegar eru óbyggð svæði skilgreind á eftirfarandi hátt:

*Opin svæði til almennrar útiveru þar sem mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki. Samkvæmt skipulagslögum þá er ekki neinn landnotkunarflokkur sem nær til almennra útivistarsvæða og því eru slík svæði skilgreind hér sem óbyggð svæði. **Hér er um að ræða öll opin svæði innan byggðarinnar sem ekki eru skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota.** Ennfremur samfelld svæði ofan byggðar sem eru misaðgengileg en eru fyrst og fremst ætluð til almennrar útivistar. Stærstu verndarsvæðin skv. náttúruverndarlögum, svæðum á náttúruminjasrá og hverfisverndarsvæðum eru innan óbyggðu svæðanna. Innan óbyggðu svæðanna er gert ráð fyrir uppbyggingu sem lítur að stígagerð og útivistaraðstöðu og fer það eftir umfangi hvort deiliskipuleggja þurfi svæðið vegna slíkrar uppbyggingar (bls. 34).*

⁴ <https://www.ffh.is/>

⁵ https://hafnarfjordur.is/wp-content/uploads/2023/03/umhverfi_og_utivist.pdf

⁶ https://hafnarfjordur.is/wp-content/uploads/2023/03/umhverfi_og_utivist.pdf

⁷ https://ibuagatt.hafnarfjordur.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=fcKfymP5oUiyer1J1NjRdQ&meetingid=djpc7YoHPkWGtqrza6Bmzg1&filename=Frisb%C3%AD+golf.pdf&fbclid=IwY2xjawEjhu5leHRuA2FlbQIxMAABHc-1R3cghl1m1npOTFQnHtSBce4UpykjEy57nANuTDiFxcO0-vd0DIwjrA_aem__HIABjwoVYNmIEV4Jk4ewg

⁸ https://hafnarfjordur.is/wp-content/uploads/2023/03/umhverfi_og_utivist.pdf

Á Mynd 1 sést skjáskot af uppdrætti af Aðalskipulagi Hafnarfjarðar af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Ástjörn/Ásfjall og skilgreinda opna svæðinu merkt OP12 – Ásland 2 opið svæði innan byggðar, gönguleiðir (bls. 58),⁹ ekkert er minnst á að þetta svæði teljist hentar til skipulagðar íþróttastarfsemi.



Mynd 1. Sýnir skjáskot úr Aðalskipulagi Hafnarfjarðar og opið svæði OP12.¹⁰

Hvernig rúmast 2 km langur 18 holu keppnisvöllur fyrir fljúgandi frísbíðska, reglum í gildi um fólkvanginn og skilgreindu svæði opna svæðinu OP-12?

Á ljósmynd sem fylgdi umræddu kynningarbréfi er 18 holu keppnisvöllurinn auðkenndur með gulum línum (Mynd 2). Engan veginn er hægt að átta sig á þeim áhrifum sem brautargerð hefur á nærumhverfið. Sumar brautirnar þarf augljóslega að móta svo hægt sé að stunda þar frísbíðgolf. Að auki liggja brautir við og þvert yfir göngustíga, innan um hávaxinn tjágróður sem tilkominn er að mest leiti vegna Gróðrarstöðvarinnar Skuldar sem hóf starfsemi sína á svæðinu árið 1953¹¹ og hafa mikilvægu hlutverki að gegna fyrir upplifun svæðis og fyrir fugla og dýralíf, auk þess eru brautir í nálægð við skráðar forminjar á svæðinu¹² (Mynd 2).

⁹<https://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=04635454244322943268>

¹⁰


<https://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=04635454244322943268>

¹¹ <https://timarit.is/page/2599257#page/n13/mode/2up>

¹² https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_2658.pdf



Mynd 2 Uppdráttur af 18 holu keppnisvelli ofan Ástjarnar og hlíðum Ásfalla.



Mynd 3. Nokkrar skráðar forminjar innan fólkvangsins við fyrirhugaðan 18 holu keppnisvöll.

Samkvæmt upplýsingum hjá Íslenska frísbíggf sambandinu er algengt að keppni í íþróttinni sé haldin síðdegis og fram á kvöld 16:00 -22:00 (Texas Íslandsmót)¹³. Augljóst er að mótshald mun breyta verulega notkun fólkvangsins og valda þar ófyrirséðum átroðningi og ónæði fyrir íbúa í næsta nágrenni við völlinn og þeirra sem njóta þar útivistar.

¹³ <https://www.folf.is/vidburdir/>

Frisbígolfvöllurinn er eftirlitslaus með öllu sem er ólíkt öðru skipulögðu íþróttastarfi, þannig að hægt er að spila frisbí allan sólahringinn á meðan veður leyfir allt árið í kring. Þekkt er að farið sé á slíka velli með hópa þar sem áfengi er haft um hönd með tilheyrandi ónæði og hávaða fyrir fólk og dýr.

Hérlendis eru hátt í 100 vellir fyrir iðkendur frisbígolfs, þar með talið á Víðistaðatúni. Í korti af vellið má sjá helstu leikreglur, þar stendur m.a. „góð regla er að stíga ekki í blómabeð eða skemma gróður“¹⁴. Auðljóst er samkvæmt þessu að viðbúið er að iðkendur geti skemmt bæði gróður og blómabeð við iðkun íþróttarinnar.

Hvernig fer slík starfsemi vel saman við friðlýst svæði?

Því er einnig ósvarað Hvar er gert ráð fyrir aðstöðu iðkenda í tillögunni t.d. þegar fram fer keppni, þar með talið aukinni umferð m.a. bíla? Hvar er gert ráð fyrir bílastæðum?, Hvar er gert ráð fyrir salernisaðstöðu þegar keppni stendur yfir í margar klukkustundir? Hvað með lýsingu á svæðinu? Hvar er gert ráð fyrir sorpi og aðstöðu fyrir iðkendur milli leikja o.frv.?

Margar aðrar spurningar hafa vaknað vegna þessa máls, því miður í ljósi knapps tíma til að senda inn athugasemdir gefst ekki færi á að koma þeim á blað.

Frekari skýringar óskast á tillögunni og við þeim spurningum sem hér eru fram settar.

Virðingarfyllt
Aðalheiður Svana Sigurðardóttir og Bárður Jón Grímsson
Lóuási 15
221Hafnarfirði

¹⁴ <https://www.folf.is/wp-content/uploads/2021/05/vidistadatun-kort-2020-scaled.jpg>

From: Eyrún Linnet <eyrun@gafhari.com>

Sent: laugardagur, 10. ágúst 2024 07:46

To: Geir Bjarnason <geir@hafnarfjordur.is>

Cc: ust@ust.is; Rósa Guðbjartsdóttir <rosa@hafnarfjordur.is>; Skarphéðinn Orri Björnsson <orrib@hafnarfjordur.is>; Kristinn Andersen <kristinna@hafnarfjordur.is>; Kristín María Thoroddsen <kristint@hafnarfjordur.is>; Guðmundur Árni Stefánsson <gudmundurarni@hafnarfjordur.is>; Sigrún Sverrisdóttir <sigrunsv@hafnarfjordur.is>; Árni Rúnar Þorvaldsson <arnith@hafnarfjordur.is>; Hildur Rós Guðbjargardóttir <hildurros@hafnarfjordur.is>; Valdimar Víðisson <valdimar.vidisson@hafnarfjordur.is>; Margrét Vala Marteinsdóttir <margretmar@hafnarfjordur.is>; Jón Ingi Hákonarson <jonh@hafnarfjordur.is>

Subject: Mótmæli við frisbíggolf keppnisvöll fyrir ofan Ástjörn!

Sæll Geir,

Afrit sent á ust@ust.is og bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Ég sem íbúi í Áslandinu sem nota mikið svæðið fyrir ofan Ástjörn til útivistar mótmæli harðlega áformum um uppbyggingu á 18 holu keppnisvelli innan friðlýsts fólkvangs við Ástjörn og Ásfjall.

Ef um væri að ræða ca 5- 8 holu almenningsvöll, þá ættu rökin um:

- lýðheilsu sem allir aldurhópar geta nýtt sér, og
- frábær leið til að fá fólk til að stunda holla útivist án mikils tilkostnaðar mjög vel við, en með því að skoða heimasíðu Frisbíggolffélags Hafnarfjarðar sést að það er umtalsvert ósamræmi á milli kynningarbréfs til nokkra íbúa í næsta hverfi og þess sem fram kemur á þeirra heimasíðu þar sem stendur: *Spennandi tímar eru framundan, en félagið, í samvinnu með ÍFS, hefur þegar komist að samkomulagi við Hafnarfjarðarbæ um kostun á 18 holu keppnisvelli í landi bæjarins og standa nú viðræður yfir um staðsetningu.*

Nokkur atriði til rökstuðnings mótmæla minna:

- Bílastæði við fyrstu holu, eru í besta falli hjá leikskólanum Stekkjarási, sem oft eru frekar þétt setin amk á dagvinnutíma, og líklegt að fólk leggi frekar í botnlöngum í kring (Spóaás, Lóuás, Erluás).
- Ein brautin (2) þverar göngustíginn og skv. kynningarbréfi sem örfá hús í hverfinu fengu, á fólk að hafa góða yfirsýn yfir stíginn þegar kastað er yfir hann, ég velti fyrir mér hvort bréfitari hafi mætt á svæðið og skoðað umhverfið, því það er alls ekki tryggt að spilarí sjái vel yfir göngustígann, sérstaklega þegar fólk kemur hjólandi/hlaupand/á hlaupahjólí niður stíginn.
- Bréfið auglýsir þetta fyrir örfáum nágrönnum, vísar til að þetta sé almennings íþrótt og minnst ekki einu orði á að þetta eigi að vera fullgildur keppnisvöllur. Það er álíka og auglýsa að það eigi að koma sparkvöllur, en svo er það bara fótboltavöllur af fullri stærð. Eins var mjög djúpt á að finna upplýsingar um þetta á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar, þar sem við þurftum að leita í fundargerðum. Hönnun á velli sem er ætlaður fyrir almenning er með minni velli, styttri brautum og minna erfiðleikastigi. Það er óumdeilanlegt að hér er á ferðinni hönnun og tilgangur fyrir keppnis- og íþróttavöll. Sem við vitum svo minna um t.d. breidd brautanna 18, niðurrif gróðurs o.s.frv.

- Áður nefnt auglýsingabréf, vísar eingöngu í friðland Ástjarnar, en ekkert um friðlýstan fólkvang við Ástjörn og Ásfjalls, sem frísbíggj völlum er einmitt áætlaður innan. Uppsetning á heilum keppnisíþróttavelli, með öllu því raski sem fylgir bæði af mannvirkni sem slíku en einnig notkun hans, er ekki í samræmi við skyldu um vernd á friðlýstu svæði og markmið náttúruverndarlaga. Þessi íþróttavöllur á því ekki heima á þessu svæði.

- Með því að hafa þetta sem fullgildan keppnisvöll, má gera ráð fyrir að þegar keppnir eru, verði takmarkað aðgengi íbúa að friðlýstum fólkvangi og mikið notuðum göngustígum.

- Skv. meðfylgjandi skilti sem er við inngang að fólkvanginum fyrir ofan Ástjörn er allur umgangur á þessu svæði bannaður utan stíga á tímabilinu 1. maí - 15. júlí, tel það harla ólíklegt að keppnis frísbíggjfarar, taki það til greina að fara ekki út fyrir göngustíga, enda varla hægt að spila frísbíggj ef ekki má fara út fyrir stígana!



Almennar athugasemdir við þetta ferli:

- Með því að hafa umsagnarferlið að senda tölvupóst á einn starfsmann bæjarins, er alls ekki tryggt gagnsæi að athugasemdir komist örugglega til skila þar þó þú er væntanlega eingöngu vaktaður af þessum eina starfsmanni og ekkert sem tryggir að tölvupóstur endi ekki í ruslsíu.

- Í fundargerð stendur að hugmyndum sé vísað til kynningar nærliggjandi íbúa, það er alveg ljóst að þetta hefur áhrif á mun fleiri íbúa en eingöngu íbúa Spóaáss og Eruváss eins og var greinilega ákveðið að kynna fyrir.

- Bærinn virðist sleppa ansi mörgum atriðum í kynningu, t.d.

+ birtir á grafi eingöngu mörk á friðlandi, ekki á friðlýstum fólkvangi, þ.a. fólk heldur (eðlilega) að umræddur völlum sé alveg utan friðlýsingar



+ Látið líta út fyrir að eingöngu sé um að ræða framkvæmd á velli til almenningsnota, sem það svo augljóslega er ekki, þegar málið er skoðað nánar.

Með von um að hætt verði við þessa framkvæmd í friðlýsta fólkvangi við Ástjörn og Ásfjall!

p.s. ég er ekki ein af þeim sem er á móti öllum breytingum, var t.d. ein af fáu íbúum hverfisins sem var ekki á móti grenndargámum í Áslandi 3, og fékk mjög bággt fyrir það frá nágrönnum og sagt að það þyrfti ekkert að hlusta á mig, því ég væri svo harður stuðningsmaður Hafnarfjarðarbæjar! Með þennan frísbíggjuföll, þá blöskrar mér hins vegar stórlega!

Bestu kveðjur,
Eyrún Linnét
kt. 070679-4429
s. 8647906

P.s. vona að þetta verði tekið til greina þrátt fyrir að það sé kominn 10.ágúst, sendi þetta eins og drögin voru fyrr í vikunni þar sem mér tókst að brjóta báðar hendurnar og annan fótinn í fyrradag. Innihaldið er ca það sem ég vildi koma til skila þó framsetning hefði getað verið betri. - EL

Athugasemdir frá Laura

From: Laura Nesaule <nesaule.laura@gmail.com>
Sent: laugardagur, 10. ágúst 2024 08:00
To: Geir Bjarnason <geir@hafnarfjordur.is>
Subject: Vegna frisbíolfvelli við Ástjörn

Góðan dag,

Varðandi frisbíolfvelli við Ástjörn. Gæti ég fengið samanburðargögn með kostnaðaráætlun og umhverfismat vegna alla staði sem voru skoðað og metið fyrir þetta verkefni? Finnst loka ákvörðun um staðsetningu furðulegt.

Annars, mín skoðun vegna þetta verkefni er vel framset í formlegu bréfi frá íbúum í Spóaási.

Vildi líka benda á að mér finnst vinnubragð Hafnarfjarðar óásátanlegt vegna þetta verkefni og einnig Carbfix verkefni, þið getið gert miklu betur!

Mbkv.

Laura

--

Laura Nesaule

Gauksás 53

From: Fridrik Omarsson <ffogeti@gmail.com>

Sent: laugardagur, 10. ágúst 2024 17:29

To: Geir Bjarnason <geir@hafnarfjordur.is>

Subject: Athugasemdir vegna fyrirhugaðs frísbíggjvallar við Ásfjall

Góðan daginn Geir.

Við undirrituð, íbúar við Gauksás 53, gerum eftirfarandi athugasemdir við fyrirhugaðan frísbíggjvöll við Ásfjall:

Við viljum byrja á að lýsa ánægju okkar að til standi að bæta við öðrum frísbíggjvelli innan Hafnarfjarðar. Við hjónin höfum bæði stundað frísbíggj síðustu 8 ár og spilað fjölmarga velli, bæði hérlendis og erlendis. Vegna þeirrar reynslu, finnst okkur rétt að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum vegna fyrirhugaðs frísbíggjvallar við Ásfjall.

1. Bílastæði - Samkvæmt teikningum er hér augljóslega um að ræða völlum sem hugsaður er fyrst og fremst sem keppnisvöllur, en ekki sem afþreying og útivist fyrir almenning. Umferð um völlum gæti orðið töluverð og munu flestir koma akandi á svæðið. Hins vegar eru engin bílastæði í nágrenni fyrirhugaðs vallar, nema í íbúagötum. Það er erfitt að sjá að íbúar muni sætta sig við það. Á öllum 18 holu keppnisvöllum sem við höfum komið á er ávallt nóg af bílastæðum nærri vellinum, en það er ekki að sjá að gert sé ráð fyrir því á þessum velli.
2. Rask á umhverfi - Svæðið umhverfis Ásfjall og Ástjörn ver einstakt útivistarsvæði. Samkvæmt teikningu af fyrirhuguðum velli er erfitt að sjá annað en að rask á umhverfi verði töluvert við þessa framkvæmd, sérstaklega þar sem fyrirhugaðar brautir liggja í gegn um þétt skóglendi.
3. Lega brauta:
 1. og 2. braut - Þetta eru þær brautir sem liggja næst íbúabyggð og liggja við fjölfarinn göngustíg í hverfinu. Lega þessara brauta er til þess fallin geta hæglega valdið ónæði fyrir íbúa og fyrir þá sem eiga leið um göngustíginn. Því færi betur á því að brautirnar yrðu færðar alfarið niður fyrir göngustíg.
 - 5., 6. og 8. braut - Þessar brautir eru teiknaðar í gegn um þétt skóglendi. Þar þarf því væntanlega að fella þónokkur tré til að rýma fyrir brautum. Slíkt rask getur ekki verið réttlætjanlegt.
 - 11., 13. og 14. braut - Nálægð við friðland.

Það er erfitt að sjá hvernig 18 holu keppnisvöllur á að passa inn á þetta svæði í sátt við íbúa og umhverfi. Því viljum við hvetja skipulagsyfirling í Hafnarfirði til að endurskoða áætlanir um fyrirhugaðan frísbíggjvöll á þessu svæði. Viljum við því leggja til að völluminn verði ekki meira en 9 holur, skipulagður með þeim hætti að hann valdi sem minnstu raski fyrir íbúa, náttúru og þá sem njóta útivistar á svæðinu. Annars finna vellinum annan stað innan Hafnarfjarðar.

Kærar kveðjur,
Friðrik Ómarsson
Hallfríður Gunnsteinsdóttir
Gauksási 53

Umhverfis og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar
B/t Íþrótt- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar
Geir Bjarnason

Hafnarfjörður, 10. ágúst 2024.

Til þeirra er málið varðar.

Mótmæli eigenda Spóaáss 18, Hafnarfirði, vegna fyrirhugaðs frísbíggvöllar í fólkvangi Ástjarnar við Ásfjall, beint fyrir utan húsið okkar og heimili.

Við byggðum Spóaáss 18 og höfum átt hér heima í 19 ár. Við völdum þennan stað vegna friðsældarinnar í friðlandinu og hér líður okkur vel. Vonandi hrökklumst við ekki héðan vegna skammsýni bæjaryfirvalda.

Okkur finnst Hafnarfjarðarbær koma aftan að okkur ef leyfa á 18 brauta frísbíggvöll á þessum stað. Það hefur aldrei fyrr verið svo mikið sem minnst á að þarna ætti að koma frísbíggvöllur né annar íþróttavöllur. Skipulagið gerir ekki ráð fyrir íþróttavelli á þessum stað, samanber lið 4.b. hér fyrir neðan

Við höfum þegar skrifað undir 7 síðna mótmælabréf (sem samið er af lögfræðingi) frá íbúum Spóaáss í nágrenni við friðlýsta fólkvanginn og friðland Ástjarnar/Ásfjalls, dags. 2. ágúst 2024. Við erum sammála öllu sem í því bréfi stendur. Með þessu bréfi, sem er viðbót við það bréf, viljum við hnykkja enn betur á mótmælum okkar og koma enn frekar að sjónarmiðum okkar.

Áður en lengra er haldið teljum við rétt að taka skýrt fram að við höfum ekkert á móti frísbíggvelli, öðru nær. Það er staðsetningin sem við gerum athugasemdir við og teljum að sé á röngum stað.

1) Á að leggja eitt fallegasta útivistarsvæði landsins undir jaðarsport eins og frísbíggvöll.

- Ekki eru til neinar nákvæmar tölur yfir iðkendur frísbíggvöls, hvorki á landsvísu né í Hafnarfirði, enda iðkendur ekki skráðir. Bara einhverjar ágiskanir og áætlanir um iðkendur sem metnar eru út frá einhverjum svörum við Gallupspurningum sem ekkert er vitað um hverjar eru né hvort hægt er að byggja á með nákvæmni eða vissu
- Ekkert skipulagt starf virðist vera til staðar hjá frísbíggvölsambandinu né einstökum frísbíggvölfélögum og engir starfsmenn. Síðast var kosin stjórn hjá Frísbíggvölfélagi Hafnarfjarðar 9. ágúst 2022, eða fyrir tveim árum síðan.
- Frísbíggvölsambandið er ekki aðili að ÍSÍ.

2) Undarleg tímasetning á bréfi frá Hafnarfjarðarbæ til íbúanna.

Umhverfis og framkvæmdaráð ákvað á fundi 15. maí 2024 að vísa kynningu um frísbíggvöll við Ásfjall til nærliggjandi íbúa.

Sextíu og tveimur dögum frá fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar var íbúum í nágrenni fyrirhugaðs frísbíggvöllar sent bréf, sem dagsett er 12. júlí 2024, en borið út þann 16. júlí 2024.

Móttakendum bréfsins er gefinn frestur til 10. ágúst 2024 til að koma með athugasemdir, eða næstu 24 dagana.

Þetta bréf frá Hafnarfjarðarbæ, þar sem gefinn er frestur til athugasemda, er sent á aðal orlofstíma landsmanna og miklar líkur á að íbúarnir, sem áttu að koma með

athugasemdir og ábendingar, væru í sumarfríi. Það átti við um okkur hjónin. Við vorum á ferðalagi með fjölskyldunni innanlands og utan nærfellt frá 10. til 30. júlí. Í ofanálag er mesta ferðahelgi ársins, verslunarmannahelgin, innan tímafrestsins. Lögbundið lágmarksorlof er 24 virkir dagar, sem jafngildir 4 vikum og 4 dögum, alls 32 dögum. Flestir íbúanna hafa þó áunnið sér mun lengri orlofsrétt og væri nær að ætla að íbúar sem í hlut eiga hafi áunnið sér orlof í 30 virka daga, sem jafngildir alls 42 daga orlofi.

Þessi tímafrestur er Hafnarfjarðarbæ ekki til sóma og mikil vanvirðing og tillitsleysi við okkur íbúana sem í hlut eigum.

Sú spurning hefur vaknað hvort þessar tímasetningar hafi verið með vilja gerðar. Átti að keyra/lauma þessu máli í gegn með því að gefa nógu stuttan tíma til að koma að athugasemdum, á þeim tíma þegar mestar líkur eru á að íbúarnir væru í sumarfríi og að auki með verslunarmannahelgina innan tímafrestsins? Vonandi lá ekkert slíkt að baki.

3) Frisbígolfvellir eru eftirlitslausir með öllu og starfsemin gjörsamlega stjórnlaus.

Undirritaður sendi fyrirspurnir í tölvupósti varðandi þetta mál og fékk eftirfarandi svör frá Birgi Ómarssyni hjá Íslenska frisbígólfsambandinu (ÍFS).

Frisbígolfvellir eru nánast allir í eigu sveitarfélaga en nokkrir eru í eigu félagasamtaka. Það eru engir sérstakir starfsmenn eða eftirlitsaðilar í vinnu hjá sveitarfélögunum við að sinna frisbígolfvöllum eingöngu.

ÍFS á enga frisbígolfvelli né sér um reksturinn á þeim. Hjá ÍFS er ekkert launað starfsfólk. Í júlí 2024 eru 102 frisbígolfvellir á Íslandi og 10 með 18 brautir.

- a. Frisbígolfvellir eru opnir alla daga ársins, allan sólarhringinn.
- b. Engar reglur eru til um leyfilegan opnunartíma frisbígolfvalla og þar af leiðandi er ekkert eftirlit með að frisbígolfvellir séu ekki í notkun allan sólarhringinn alla daga ársins. Það er einfaldlega hægt að spila frisbígolf allan sólarhringinn. Ekkert eftirlit af neinu tagi. Fólk fer bara í frisbígolf þegar því sýnist, á þeim tíma þegar því sýnist og eins lengi og því sýnist.
- c. Það er því kjörið fyrir unglingshópa og aðra að fara í frisbígolf um helgar, á björtum sumarkvöldum eða jafnvel á björtum sumarnóttum vel birgir af áfengi og hljómflytningstækjum og spila frisbígolf.
- d. Allar keppnir hafa í för með sér köll og hróp þátttakenda, það er eðlilegt. Fólk verður að hafa gaman þegar það fer í frisbígolf.
- e. Frisbígólfskálar eru ekki til á Íslandi eins og golfskálar. Undantekning á þessu er aðstaða sem Reykjavíkurborg hefur veitt í Grafarholti (Þorláksgesla) þar sem frisbígolfarar deila húsnæði með öðrum en enginn starfsmaður er á staðnum eða þjónusta veitt þar.
- f. Á Heimasíðu Frisbígolffélags Hafnarfjarðar stendur eftirfarandi:
„Þegar fer að dimma á haustin þá höfum við haldið glóðagolf mótaráðir. Þá eru körfur lýstar upp og diskar annaðhvort glóa í myrkrinu eða við þá er fest ljós.“
 Við íbúarnir við frisbígolfvöllinn fáum ekki einu sinni frið þegar dimma tekur. Verður ef til vill næsta skref að koma flóðljósum upp við frisbígolfvöllina?
- g. Allir geta farið inn á frisbígolfvöll hvenær sem er sólarhringsins og hafið leik/keppni ef brautir eru lausar -bara mæta- og ekki þarf að skrá sig enda engin skráning til. Engin takmörk hve margir keppa saman eða á sama tíma. Algjört stjórnleysi.

4) Skipulagsmál.

- a. Út frá forsendum skipulags er landnotkun svæðisins skilgreind sem opið svæði. En það er svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.
- b. Núverandi notkun rúmast innan gildandi skipulags en ef það er vilji bæjaryfirvalda að breyta svæðinu úr útivistarsvæði í íþróttasvæði þarf að gera breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar úr *opnu svæði* í *íþróttasvæði* því frísbíggolf er keppnisíþrótt. Frísbíggolf félag Hafnarfjarðar er skráð sem íþróttafélag í fyrirtækjaskrá. Haldin eru yfir 100 keppnismót í frísbíggolfi á ári. Hvort sú skipulagsbreyting næði fram að ganga er ólíklegt því íbúar í Áslandi myndu mótmæla harkalega þeim áformum.
- c. Undirrituð mæla með að þessum frísbíggolfvelli verði fundinn heppilegri staður í þeirri vinnu sem nú stendur yfir við endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar.

5) Ásfjallið, Áslandið, Ástjörnin, friðlandið, fólkvangurinn, útivistin. Núverandi not.

- a. Við sem búum við Ásfjallið stundum heilsueflingu, það þarf ekki frísbíggolf til þess að svo megi vera, bæði fólkvangurinn og friðlandið er mjög vinsælt útivistarsvæði þar sem stunduð er heilsuefling á hverjum einasta degi í sátt og samlyndi við náttúru og íbúa svæðisins.
- b. Leikskólinn Stekkjarás hefur nýtt sér skóginn til leikja og fræðslu og áhugamenn um fugla hafa sótt svæðið til að fylgjast m.a. með varpi Flórgoðans. Svæðið hefur því víðtækt notkunargildi.
- c. Fólkvangurinn var friðlýstur 1996 m.a. vegna þess að útsýni af Ásfjalli er gott og sérstaklega áhugavert fyrir áhugafólk um jarðfræði og sögu höfuðborgarsvæðisins. Á Ásfjalli eru minjar um hersetu fyrr á síðustu öld.
- d. Friðlandið umhverfis Ástjörn var friðlýst 1978.
- e. Ástjörn er einstætt náttúrufríbærni sem á sér enga hliðstæðu í næsta nágrenni hins nær samfellda þéttbýlis höfuðborgarsvæðisins. Tjörnin og svæðið umhverfis hana einkennist af mjög auðugu gróður- og dýralífi og í henni er mikið smádýralíf sem er þó lítt rannsakað.
- f. Umferð er leyfð á göngustígum en vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið á varptíma frá 1. maí – 15. júlí.

Staðsetning þessa vallar er fráleit og verður aldrei sátt um hann á þessum stað enda samræmist hún hvorki markmiðum áður nefndra friðlýsinga né þeirra sem þarna búa í nágrenninu, sem völdu að kaupa sér eignir í Áslandi m.a. vegna hversu rólegt og friðsælt þetta hverfi er.

Verði frísbíggolfvöllur leyfður á þessum stað blasir við að íbúarnir og samtök sem láta sig náttúruvernd varða, kæra það leyfi svo augljóst er að það tekur langan tíma að fara þær kæruleiðir allar. Betra væri að finna 18 brauta frísbíggolfvelli stað þar sem enginn ágreiningur er um framkvæmdina og tefja ekki tímenn með því að bíða eftir niðurstöðum úr kærumeðferð, sérstaklega ef niðurstaða kærunnar verður kærendum í hag.

Guðmundur Rúnar Óskarsson

Ólöf Ingibjörg Guðjónsdóttir

Hafnarfjarðarbær, til þess sem málið varðar

Hafnarfjörður, 2. ágúst 2024

Viðbrögð íbúa í nágrenni við friðlýstan fólkvang og friðland Ástjarnar/Ásfjalls

Undirrituð, íbúar í Spóaási, gera alvarlegar athugasemdir við fyrirhugaðan frisbígolfvöll Hafnarfjarðarbæjar og Frisbígolffélags Hafnarfjarðar í friðlýstum fólkvangi og við friðlandi Ástjarnar sem fjallað er um í bréfi Hafnarfjarðarbæjar dags. 12. júlí sl.

Ástjörn er friðlýst svæði vegna dýralífs og náttúrufars sbr. auglýsingu nr. 189/1978. Árið 1996 var verndarsvæðið stækkað með stofnun fólkvangs umhverfis friðlandið, sbr. auglýsingu nr. 658/1996. Fólkvangurinn umlykur því friðland Ástjarnar og saman myndar þetta hið verndaða svæði. Um friðlýsingu Ástjarnar og Ásfjalls fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Um er að ræða svæði með hátt verndargildi m.a. vegna auðugs lífríkis og votlendis Ástjarnar. Talið hefur verið mikilvægt að ganga ekki of nærri „*verðmætu og viðkvæmu lífríki friðlands Ástjarnar*“. Sérstaða Ástjarnar felst ekki síst í nálægð hennar við þéttbýli.¹

Ástjörn er þannig einstætt náttúrufríbærri sem á sér enga hliðstæðu í næsta nágrenni hins nær samfellda þéttbýlis höfuðborgarsvæðisins. Tjörnin og svæðið umhverfis hana einkennist af mjög auðugu gróður- og dýralífi. Þar er t.d. að finna flórgoðavarp og búsvæði fleiri fuglategunda sem eru á valista.

Í fólkvanginum er ósnortin náttúra og gönguleiðir um svæðið sem margir sækja og reglulega. Á verndarsvæðinu eru minjar um búsetu og hersetu á síðustu öld. Um er að ræða einstak svæði sem af mörgum er talið hafa eitt af besta útsýnisfjöllum höfuðborgarsvæðinu með gönguleiðum sem henta öllum aldurshópum. Útsýni af Ásfjalli er gott og sérstaklega áhugavert fyrir áhugafólk um jarðfræði og sögu höfuðborgarsvæðisins.

Spóaás liggur að mörkum hins friðlýsta svæðis en við höfum búið við svæðið um langt árabíl og þekkjum svæðið og gildi þess vel.

Alvarlegar athugasemdir vegna áforma um keppnis- og íþróttavöll í fólkvanginum

Samkvæmt áður nefndu bréfi Hafnarfjarðarbæjar, dags. 12. júlí sl., hefur sveitarfélagið og Frisbígolffélag Hafnarfjarðar í undirbúningi að byggja og starfrækja 18 holu íþróttavöll,

¹ Álit Skipulagsstofnunar dags. 23. september 2022, bls. 8 og 9. Í greinargerð með aðalskipulagi Hafnarfjarðar kemur fram að Ástjörn hafi hátt verndargildi sem votlendi en votlendi er fágætt í landi Hafnarfjarðar, sjá bls. 118 í greinargerðinni.

samtals yfir 2 km., sem þekur stóran hluta af vernduðu svæði fólkvangs Ástjarnar og Ásfjalls og sem liggur alveg uppvið friðland tjarnarinnar.

Samkvæmt heimasíðu Íslenska frisbígolffélagsins er frisbígolf eða folf íþrótt sem fer fram á svipaðan hátt og venjulegt golf, en í stað golfkylfa og golfbolta nota leikmenn svífdiska (frisbídiska). Frisbígolffélag Hafnarfjarðar er skráð íþróttafélag í fyrirtækjaskrá (93.12.0 Starfsemi íþróttafélaga).

Á heimasíðu íþróttafélagsins kemur eftirfarandi fram um samkomulag við Hafnarfjarðarbæ vegna málsins:²

„Spennandi tímar eru framundan, en félagið, í samvinnu með ÍFS [Íslenska frisbígolfsambandið], hefur þegar komist að samkomulagi við Hafnarfjarðarbæ um kostun á 18 holu keppnisvelli í landi bæjarins og standa nú viðræður yfir um staðsetningu. Vonast er til að hefja framkvæmdir vorið 2023.“

Af framangreindu er ljóst að innan hins verndaða svæði er ætlunin að koma upp æfingar- og keppnisvelli til iðkunar fyrir íþrótt- og keppnisfélag. Í áður nefndu bréfi Hafnarfjarðarbæjar, dags. 12. júlí sl., er ekkert vikið að þessu og þvert á móti tilgreint með villandi hætti að um sé að ræða „*aðstöðu sem almenn útivist tilheyrir*“. Hvergi er minnst á í bréfi Hafnarfjarðarbæjar að tilgangurinn er fyrst og fremst sá að koma upp íþróttaaðstöðu og „*keppnisvelli*“ fyrir íþróttafélagið og mótshöld á þess vegum eða annarra (innanlend og alþjóðleg mót en haldin eru um 100 keppnir árlega).

Almenn staðhæfing í bréfi sveitarfélagsins um að rask verði lágmarkað er í besta falli villandi enda ljóst að rask af samtals 2 km löngum brautum og umgengni sem af vellingum leiðir er verulegt fyrir verndarsvæðið og gróðurinn og áhrifin óafturkræf fyrir svæðið og verndargildi þess.

Enginn þarf að velkjast í vafa um neikvæð áhrif á gróður og dýralíf og að fella þarf mikið af trjám sem eru órjúfanlegur hluti af upplifun og útsýni hins friðlýsta svæðis. Um er að ræða umfangsmikla framkvæmd en í bréfi Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að ljóst sé að hún taki nokkur ár.

Á blaðsíðu 3 í bréfi Hafnarfjarðarbæjar er sett fram mynd af fyrirhuguðum íþróttavelli. Gerðar eru athugasemdir við myndina því hún er óskýr og ófullnægjandi um margt. Athugasemd er gerð við það að afmörkun fyrir friðland Ástjarnar er ekki rétt og inn á myndina vantar afmörkun fyrir hinn friðlýsta fólkvang. Fólkvangur nýtur verndar samkvæmt lögum og með sérstakt verndargildi samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Um er að ræða verulegan annmarka á framsetningu í bréfi sveitarfélagsins og hún beinlínis villandi fyrir þann sem ætlar að kynna sér málið.

Samkvæmt skýringum með myndinni eiga gular línur að sýna „*brautirnar sjálfar*“. Á myndinni má aðeins sjá mjóar gular og beinar línur en enga afmörkun að sjá fyrir t.d. breidd brautanna. Sá sem kastar frisbídisk kastar sjaldan nákvæmleg beint áfram eftir mjórri beinni línu. Myndin er því verulega villandi um umfang íþróttavallarins á svæðinu og það rask sem verður af brautunum og notkun þeirra fyrir friðlandið og fólkvanginn.

² Sótt á heimasíðu íþróttafélagsins þann 24. júlí 2024.

Staðhæft er í bréfi Hafnarfjarðarbæjar að tekið verði tillit til fornminja á svæðinu. Þetta er ekki útskýrt frekar né að þær séu merktra inn á myndina þannig þetta sé skýrt. Um er að ræða verulegan annmarka á myndinni.

Á brautum er kastað yfir göngustíga sem gerir það hreinlega hættulegt fyrir gangandi og hjólandi fólk að fara um svæðið.

Einnig er gerð athugasemd við að gert sé ráð fyrir að gengið sé utan skipulagðra göngustíga milli brauta sem er með öllu óásættanlegt á verndarsvæði sem þessu. Þessi reglubundni ágangur mun breyta ásýnd og landslag svæðisins til frambúðar og til hins verra.

Umferð gangandi fólks er leyfð á göngustígum en vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið á varptíma frá 1. maí – 15. júlí en að þessu er ekkert vikið í bréfi sveitarfélagsins.³

Þá liggja brautir alveg upp að friðlandi tjarnarinnar. Í tveimur brautum er kastað afar nálægt og í átt að tjörninni.

Þá eru engar upplýsingar veittar í bréfinu eða myndinni um teigana sem slíka, t.d. fjölda, útlit og stærð. Ætla má að hér sé um að ræða mikinn fjölda teiga þar sem hver og einn teigur hefur nokkuð umfang. Mikið rask þarf til að koma þeim niður og festa ásamt því að þeir verða algjört lýti fyrir ásýnd hins verndaða svæðis, bæði horft af jörðu og ofan af Ásfjalli.

Friðlýstur fólkvangurinn er svæði fyrir gangandi og hjólandi fólk á skipulögðum göngustígum sem hafa verið settir upp innan svæðisins og sjá má merkta inná gildandi aðalskipulagi. Um er að ræða ósnortið og friðsælt svæði á höfuðborgarsvæðinu til gönguferða innan um náttúru sem þar hefur fengið að vaxa og dafna. Það fer ekki saman að þar eigi að koma fyrir rúmlega 2 kílómetra íþrótta- og keppnisvelli með tilheyrandi truflun fyrir þá sem sækja svæðið og raski á umhverfi, dýralíf og gróðri.

Hafa ber í huga að völlum sem þessi er ekki eingöngu notaður af lðkendum íþróttafélagsins á skipulegum viðburðum eða æfingum (eða af t.d. fjölskyldufólki kl. 13 á sunnudögum sem drekkur vatn) heldur verður völluminn notaður á öllum tíma sólarhringsins t.d. þegar bjartast er yfir sumarið, og jafnvel þar sem oft á tíðum er áfengi haft við hönd. Engin eftirfylgni er með umgengni við notkun íþróttavallarins, t.d. eins og á við um sambærileg íþróttasvæði eins og á golfvöllum. Eykur þetta til munar hættu fyrir röskun og áhættusama umgengni upp við og í friðlandi Ástjarnar og röskun á nætursvefni og friði íbúa í grennd við svæðið og nærliggjandi götum.

Í bréfi Hafnarfjarðarbæjar dags. 12. júlí sl. er m.a. staðhæft að tekið sé tillit til húseiganda þeirra lóða sem liggja að svæðinu með því að passa að teigar og körfur séu ekki nálægt húsum í hverfinu. Þetta er rangt. Spóaásinn okkar liggur aðeins nokkrum metrum frá fyrstu braut og síðustu braut íþróttavallarins (1 og 18 þar sem hafinn er kappleikur og honum lokið). Örstutt er frá teigum og körfum að húsum og lóðum. Þetta er með öllu óásættanlegt enda ljóst að rask fyrir íbúa verður verulegt bæði af umgengni til og frá brautunum bæði vegna æfinga en einnig stærri keppnismóta. Hávaði á öllum tímum sólarhringsins, rusl og rask á gróðri í kring er beint fyrir utan húsin okkar, þar sem er skipulagður göngustígur með friðsæld og óspilltri náttúru fólkvangs og friðlands.

³ Greinargerð með aðalskipulagi Hafnarfjarðar, bls. 69.

Ljóst er að umferð og lagning ökutækja í nálægum íbúagötum, þ.á m. Spóaási, mun aukast til muna t.a.m. kringum stærri viðburði, mótshöld og skemmtanahöld. Þetta veldur tilheyrandi raski fyrir íbúa sem hafa hingað til búið við friðsæld og lágmarks umferð í botnlangagötum. Ekkert er vikið að þessum þáttum í bréfi Hafnarfjarðarbæjar dags. 12. júlí sl.

Það þarf enginn að velkjast í vafa um aukna umferðarhættu og þá röskun sem völlumurinn mun hafa á okkur íbúa í Spóaási með aukinni umferð bifreiða þar sem ökutækjum verður lagt út um allt í götunni. Aðeins eru örfá gestastæði í Spóaás sem þegar eru afar vel nýtt. Til að mynda er eitt gestastæði efst í Spóaásinum sem í dag þyrftu að vera fjögur. Þaðan er stysta leið á braut 1. Aðstæður við braut 18 inn í Spóaásinn eru sambærilegar. Bara í þessu ljósi er hugmynd um íþróttavöll á hinu friðlýsta svæði fráleit.

Málsmeðferð Hafnarfjarðarbæjar er ólögmaet

Í bréfi Hafnarfjarðarbæjar, dags. 12. júlí sl., er ekkert vikið að því að þetta mál á sér forsögu í meðferð sveitarfélagsins.

Sjá má að málið var kynnt á fundi íþrótt- og tómsbundanefndar 10. október 2023 sem golfvöllur í upplandi Hafnarfjarðar. Í fundargerð frá fundinum segir eftirfarandi: „2209799 – Frisbegolfvöll í uppland Hafnarfjarðar. Farið yfir stöðu varðandi vinnu við staðsetningu vallarins. Íþrótt- og tómsbundanefnd telur hugmyndir Frisbígolffélagsins varðandi staðsetningu á frisbígolfvelli vera mjög góða“. Samkvæmt fjölmiðlum var ráðgert að íþróttavöllurinn yrði staðsettur í hlíðum Selhöfða við Hvaleyrarvatn. Þessi áform mættu andstöðu Skógræktarfélags Hafnarfjarðar en félagið taldi að rask af íþróttavelli yrði of mikið, að fella þyrfti of mörg tré og að íþróttin ylli töluverðum skemmdum á gróðri.

Næsta sem sést á heimsíðu Hafnarfjarðarbæjar er að málið er tekið fyrir hjá umhverfis- og framkvæmdaráði hálfu ári síðar, þ.e. 17. apríl sl.

Í fundargerð frá þeim fundi er eftirfarandi bókað um málið og eins og þrjú mánuð síðar er heildsýru lofti á að koma golfvöllinum fyrir á friðuðu verndarsvæði Ástjarnar/Ásfjalls: „2209799 – Frisbegolfvöll í uppland Hafnarfjarðar. Lögð fram tillaga að nýjum Frisbe-golfvelli við Ástjörn. Umhverfis- og framkvæmdaráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til umsagnar á umhverfis- og skipulagssviði og kynningar íbúa“.

Það er á huldu hver leggur fram þessa breyttu tillögu um staðsetningu íþróttavallarins. Á hinn bóginn má ætla að neikvæð viðbrögð Skógræktarfélagsins um staðsetningu hans við Hvaleyrarvatn hafi haft áhrif. Hvernig sveitarfélaginu detti það þá til hugar að koma íþróttavellinum frekar fyrir alveg upp við íbúðabyggð og innan friðlýsts verndarsvæði fyrir dýralíf og gróður er okkur hulin ráðgáta og algerlega óskiljanleg áform.

Eins og áður segir er í bréfi Hafnarfjarðarbæjar 12. júlí sl. ekki upplýst um framangreinda forsögu málsins. Í bréfi sveitarfélagsins er vísað til fundar umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 15. maí sl. Þar var áfram fjallað um golfvöllinn og eftirfarandi bókað í fundargerð: „2209799 – Frisbegolfvöll í uppland Hafnarfjarðar. Lögð fram umsögn skipulagsins [umhverfis- og skipulagssvið] og kostnaðaráætlun. Umhverfis- og framkvæmdaráð vísar hugmyndum um frisbígolfvöll við Ástjörn til kynningar nærliggjandi íbúa og umsagnar Umhverfisstofnunar“. Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs er birt í fundargögnum en ekki kostnaðaráætlun.

Bæði bréf Hafnarfjarðarbæjar dags. 12. júlí sl. og umsögn umhverfis- og skipulagssviðs sýna að keyra á málið í gegn og stytta sér með ólögmetum hætti leið fram hjá lögum og reglum sem gilda um skipulagsmál og svæðið sem nýtur lögbundinnar verndar sem friðlýstur fólkvangur og friðland.

Í bréfi Hafnarfjarðarbæjar, dags. 12. júlí sl., og umsögn umhverfis- og skipulagssviðs kemur fram að framkvæmd íþróttavallar á fólkvanginum og upp við friðlandið rúmist innan gildandi skipulags. Ekki sé til deiliskipulag af svæðinu en í aðalskipulagi Hafnarfjarðar sé svæðið skilgreint sem „opið svæði“. Fram kemur að í skilgreiningu í skipulagsreglugerð taki það til svæðis fyrir „útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar“. Í bréfi Hafnarfjarðarbæjar er staðhæft án skýringa, að framkvæmdin sé í samræmi við skilmála fólkvangsins en ekkert er vikið að friðlýsingum í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs bæjarins.

Gerð er athugasemd við framangreint.

Það er rangt að svæði Ásfjalls og Ástjarnar sé á aðalskipulagi skilgreint sem „opið svæði“ líkt og staðhæft er í bréfi Hafnarfjarðarbæjar og umsögn umhverfis- og skipulagssviðs. Þvert á móti eru svæði Ásfjalls og Ástjarnar merkt „FS1“ og „FS2“ á aðalskipulagi og í greinargerð með aðalskipulagi er fjallað um að svæðin njóti sérstakrar verndar, sbr. kafla 2.2.22 og töflu 22 með yfirliti yfir náttúruvætti og friðlönd í greinargerðinni.⁴

Það er í engu samræmi við aðalskipulag að setja upp í friðlýstum fólkvangi og uppvið friðland tjarnarinnar eitt stykki íþróttavöll sem er m.a. æfingar- og keppnisvöllur starfandi íþróttafélags.

Staðhæfingar í bréfi sveitarfélagsins og umsögn umhverfis- og skipulagssviðs um að ekki sé til deiluskipulag fyrir svæðið sem íþróttavöllurinn nær inn á eru rangar. Það eru brautir sem ná inn á deiliskipulag fyrir Ásland 1 og 2.⁵

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er „íþróttasvæði“ skilgreint sem svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði og golfvelli. Ljóst er að 2 kílómetra og 18 brauta íþrótt- og keppnisvöllur fyrir íþróttagrein eins og frísbíggjfellur undir íþróttasvæði í framangreindum skilningi. Ásfjall og Ástjörn eru ekki á svæði sem er skilgreint sem íþróttasvæði.

Málið hefur ekki fengið umfjöllun fyrir skipulags- og byggingaráði og málsmeðferðin fer gegn ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010.

Þá horfir sveitarfélagið með öllu framhjá því að umrædd svæði Ástjarnar og Ásfjalls njóta einnig friðlýsingar samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Sérstaklega er vísað til þessa í greinargerð með aðalskipulagi.

Friðlýsing samkvæmt náttúruverndarlögum hefur það markmið að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags, sbr. 38. gr. náttúruverndarlaga. Fólkvangurinn er einn flokkur

⁴ Svæði sem eru opin svæði eru merkt „OP“ og það á ekki við um svæði Ásfjalls og Ástjarnar.

⁵ Á mynd sem fylgir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs er braut 18 ekki á sama stað eins og hún er kynnt íbúum á mynd í bréfi Hafnarfjarðarbæjar 12. júlí sl. Þetta ósamræmi er ekki útskýrt.

friðlýstra svæða samkvæmt lögnum. Samkvæmt 52. gr. laganna skal verndun fólkvangs miða að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Rífja ber upp að stofnun fólkvangs var einnig sett fram til að vernda friðland Ástjarnar. Uppsetning á heilum keppnisíþróttavelli, með öllu því raski sem fylgir bæði af mannvirkinu sem slíku en einnig notkun hans, er ekki í samræmi framangreinda lagaskyldu um vernd á svæðinu og markmið hennar.

Í 1. gr. reglna um fólkvang við Ástjörn og Ásfjall, sbr. auglýsingu nr. 658/1996, segir eftirfarandi: „Gangandi fólki er frjálts umferð um svæðið enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður og valda óþarfa truflun á dýralífi.“ Í 3. gr. regnanna kemur fram að svæðið skuli skipulagt til „almennrar útivistar“. Uppsetning keppnisvallarins og umgengni um hann fer gegn þessum reglum enda mun íþróttavöllurinn hafa veruleg neikvæð áhrif á verndargildi friðlýsinganna.

Það er því rangt sem fram kemur í bréfi Hafnarfjarðarbæjar 12. júlí sl. að keppnisvöllurinn sé í samræmi við skilmála fólkvangsins. Þvert á móti er íþróttavöllurinn í engu samræmi við náttúruverndarlög eða anda þeirrar friðlýsingar og reglna hennar sem gilda um hið verndaða svæði.

Einnig er gerð athugasemd við að í bréfi Hafnarfjarðarbæjar frá 12. júlí sl. og í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs komi fram að Umhverfisstofnun hafi „þegar gefið jákvæð viðbrögð“ við uppbyggingu íþróttavallar innan fólkvangsins. Ekkert er meðfylgjandi bréfinu eða umsögninni sem sýnir að þessi staðhæfing sé rétt. Þvert á móti segir í fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 15. maí sl. að það eigi að leita „umsagnar Umhverfisstofnunar“ þ.e. afstaða Umhverfisstofnunar liggur **ekki** fyrir.

Lokaorð

Umrætt bréf Hafnarfjarðarbæjar, dags. 12. júlí sl., kom inn um bréfalúgu örfárra íbúa Áslandsins þegar sumarleyfi eru í hámarki og færri heimavið en vanalega (barst inn um bréfalúgur 16. júlí sl.). Þannig liðu um 40 virkir dagar frá því að tekin var ákvörðun á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 15. maí sl., um að málið ætti að fara í kynningu, þar til íbúar fengu bréf inn um bréfalúguna þar sem er gefinn stuttur frestur til athugasemda eða til 10. ágúst næstkomandi. Þessi málsmeðferð sveitarfélagsins takmarkar verulega möguleika íbúa og annarra til vita af málinu eða bregðast við innan frestsins. Þessi vinnubrögð eru óforskammarleg.

Samtals eru rúmlega 90 frisbígolfvellir á landinu og þar af einhverjir tugir á höfuðborgarsvæðinu þ.á m. á Víðistaðatúni í Hafnarfirði. Það er því ekki verulegur skortur fyrir svæði til að stunda sportið. Hagsmunir hins friðlýsta svæðis og gangandi og hjólandi fólks sem fer um fólkvanginn eiga ekki að víkja í tilvikum sem þessum. Þvert á móti ætti sveitarfélagið sem heilsueflandi bær að setja upp aðgerðaráætlun til að betrumbæta svæðið í samræmi við markmið friðlýsinga, t.d. fjölga fræðslumerkingum á svæðinu til að efla lagalega skyldu sína um fólkvanginn um vernd og fræðslu, s.s. með skilti um fornminjar og dýralíf.

Við íbúar í Spóaási höfnum því að friðlýstum fólkvanginum og friðlandi Ástjarnar og Ásfjalls verði spillt með umræddum íþrótt- og keppnisvelli og krefjumst þess að Hafnarfjarðarbær falli frá áformunum. Sveitarfélagið hefur um að ráða nægu landssvæði á öðrum stöðum

með skilgreindum ípróttasvæðum. Engin nauðsyn er að fórna einni af fallegustu náttúruperlu Hafnarfjarðar sem bæjarbúar og aðrir sækja mikið og reglulega.

Undirrituð áskilja sér fullan rétt til að sækja mál þetta fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og eftir atvikum dómstólum.

Virðingarfyllst, íbúar Spóaási

| | |
|---|---|
| Hilmar Valgerðsson Spóaás 8. Kt 210962-3879 Ólöf Guðbjörnsdóttir Svana R. Ólaf | Uinnur Þha Amund Spóaás 8 290967-4579 Smoaás 6 1209434/35 Spóaás 4 1509554759. |
| Helga Snorraclothir | Spóaás 1 260664-4099 |
| Stella Hrand Ásbjarnardóttir | Spóaás 1 200103-3350 |
| Þórunn Þórunnsson Ólaf K. Guðbjartsdóttir | Spóaás 5 300151-2569 - 11 - 050454-2669 |
| Guðbjörg Petursd | Spóaás 5 180697-3229 |
| Jónas Gunnar Antonsson | Spóaás 12 260889-3469 |
| Dagný Rut Hjartard. | Spóaás 12 300692-2739 |
| Ólga Björg Hétuvól | Spóaás 10 031052-4919 |
| Torfi Kristinn Kristinsson | Spóaás 14 130449-8169 |
| Þórunn Þórunnsson | Spóaás 16 170762-2589. |
| Sigrún Guðv. | Spóaás 16 260665-5379 |
| STEPANNA AERKDATE | Spóaás 20 140467-5459. |
| Hlynur Freyr Þigjsson | Spóaás 20 070369-4519 |
| Hulda Hákonardóttir | Spóaás 10 050180-5229 |
| Fridger Kemp | Spóaás 10 260378-3999 |
| Laura Wesaule | Spóaás 9 190184-3589 |
| Hlynur Heiðólfsson | Spóaás 9 031083-3899 |

Jón. Óskinn 041047-3139 Spöðis 18
Ólaf Guðmúndsson 230947-4309 ———
Helga Laufey Guðmúndsd. 110870-4699 Spöðis 22
Valdimar Óskinn 180467-4759 Spöðis 24
Trausti Felix Valdimarsson 191298-2849 Spöðis 24
Viktória Valdimarsdóttir 050593-3399 ———
Aust Þorhallsson 271072-3414 Löng 21

-----Original Message-----

From: Elías Fannar Arnarsson <eliasfannar97@gmail.com>

Sent: þriðjudagur, 16. júlí 2024 23:57

To: Geir Bjarnason <geir@hafnarfjordur.is>

Subject: Frisbigolf

Sæll

Er mjög ánægður og spenntur að sjá nýjan frisbigolfvöll og vona að allt gangi hratt og vel fyrir sig Kv íbúi úr spóaás

Sent from my iPhone

From: Magni Ágústsson <magniagustsson10@gmail.com>
Sent: sunnudagur, 21. júlí 2024 20:18
To: Geir Bjarnason <geir@hafnarfjordur.is>
Subject: Frisbíggölvöllur við ásfjall

Okkur lýst mjög vel á hugmyndina frá Magna og fjölskyldu lóuási 21

Hafnarfjarðarbær, til þess sem málið varðar

Hafnarfjörður, 2. ágúst 2024

Viðbrögð íbúa í nágrenni við friðlýstan fólkvang og friðland Ástjarnar/Ásfjalls

Undirrituð, íbúar í Spóaási, gera alvarlegar athugasemdir við fyrirhugaðan frísbígolfvöll Hafnarfjarðarbæjar og Frísbígolffélags Hafnarfjarðar í friðlýstum fólkvangi og við friðlandi Ástjarnar sem fjallað er um í bréfi Hafnarfjarðarbæjar dags. 12. júlí sl.

Ástjórn er friðlýst svæði vegna dýralífs og náttúrufars sbr. auglýsingu nr. 189/1978. Árið 1996 var verndarsvæðið stækkað með stofnun fólkvangs umhverfis friðlandið, sbr. auglýsingu nr. 658/1996. Fólkvangurinn umlykur því friðland Ástjarnar og saman myndar þetta hið verndaða svæði. Um friðlýsingu Ástjarnar og Ásfjalls fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Um er að ræða svæði með hátt verndargildi m.a. vegna auðugs lífríkis og votlendis Ástjarnar. Talið hefur verið mikilvægt að ganga ekki of nærri „*verðmætu og viðkvæmu lífríki friðlands Ástjarnar*“. Sérstaða Ástjarnar felst ekki síst í nálægð hennar við þéttbýli.¹

Ástjórn er þannig einstætt náttúrufríbærri sem á sér enga hliðstæðu í næsta nágrenni hins nær samfellda þéttbýlis höfuðborgarsvæðisins. Tjörnin og svæðið umhverfis hana einkennist af mjög auðugu gróður- og dýralífi. Þar er t.d. að finna flórgoðavarp og búsvæði fleiri fuglategunda sem eru á valista.

Í fólkvanginum er ósnortin náttúra og gönguleiðir um svæðið sem margir sækja og reglulega. Á verndarsvæðinu eru minjar um búsetu og hersetu á síðustu öld. Um er að ræða einstak svæði sem af mörgum er talið hafa eitt af besta útsýnisfjöllum höfuðborgarsvæðinu með gönguleiðum sem henta öllum aldurshópum. Útsýni af Ásfjalli er gott og sérstaklega áhugavert fyrir áhugafólk um jarðfræði og sögu höfuðborgarsvæðisins.

Spóaás liggur að mörkum hins friðlýsta svæðis en við höfum búið við svæðið um langt árabíl og þekkjum svæðið og gildi þess vel.

Alvarlegar athugasemdir vegna áforma um keppnis- og íþróttavöll í fólkvanginum

Samkvæmt áður nefndu bréfi Hafnarfjarðarbæjar, dags. 12. júlí sl., hefur sveitarfélagið og Frísbígolffélag Hafnarfjarðar í undirbúningi að byggja og starfrækja 18 holu íþróttavöll,

¹ Álit Skipulagsstofnunar dags. 23. september 2022, bls. 8 og 9. Í greinargerð með aðalskipulagi Hafnarfjarðar kemur fram að Ástjórn hafi hátt verndargildi sem votlendi en votlendi er fágætt í landi Hafnarfjarðar, sjá bls. 118 í greinargerðinni.

samtals yfir 2 km., sem þekur stóran hluta af vernduðu svæði fólkvangs Ástjarnar og Ásfjalls og sem liggur alveg uppvið friðland tjarnarinnar.

Samkvæmt heimasíðu Íslenska frisbígolffélagsins er frisbígolf eða folf íþrótt sem fer fram á svipaðan hátt og venjulegt golf, en í stað golfkylfa og golfbolta nota leikmenn svífdiska (frisbídiska). Frisbígolffélag Hafnarfjarðar er skráð íþróttafélag í fyrirtækjaskrá (93.12.0 Starfsemi íþróttafélaga).

Á heimasíðu íþróttafélagsins kemur eftirfarandi fram um samkomulag við Hafnarfjarðarbæ vegna málsins:²

„Spennandi tímar eru framundan, en félagið, í samvinnu með ÍFS [Íslenska frisbígolfsambandið], hefur þegar komist að samkomulagi við Hafnarfjarðarbæ um kostun á 18 holu keppnisvelli í landi bæjarins og standa nú viðræður yfir um staðsetningu. Vonast er til að hefja framkvæmdir vorið 2023.“

Af framangreindu er ljóst að innan hins verndaða svæði er ætlunin að koma upp æfingar- og keppnisvelli til iðkunar fyrir íþrótt- og keppnisfélag. Í áður nefndu bréfi Hafnarfjarðarbæjar, dags. 12. júlí sl., er ekkert vikið að þessu og þvert á móti tilgreint með villandi hætti að um sé að ræða „aðstöðu sem almenn útivist tilheyrir“. Hvergi er minnst á í bréfi Hafnarfjarðarbæjar að tilgangurinn er fyrst og fremst sá að koma upp íþróttaaðstöðu og „keppnisvelli“ fyrir íþróttafélagið og mótshöld á þess vegum eða annarra (innanlend og alþjóðleg mót en haldin eru um 100 keppnir árlega).

Almenn staðhæfing í bréfi sveitarfélagsins um að rask verði lágmarkað er í besta falli villandi enda ljóst að rask af samtals 2 km löngum brautum og umgengni sem af vellinum leiðir er verulegt fyrir verndarsvæðið og gróðurinn og áhrifin óafturkræf fyrir svæðið og verndargildi þess.

Enginn þarf að velkjast í vafa um neikvæð áhrif á gróður og dýralíf og að fella þarf mikið af trjám sem eru órjúfanlegur hluti af upplifun og útsýni hins friðlýsta svæðis. Um er að ræða umfangsmikla framkvæmd en í bréfi Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að ljóst sé að hún taki nokkur ár.

Á blaðsíðu 3 í bréfi Hafnarfjarðarbæjar er sett fram mynd af fyrirhuguðum íþróttavelli. Gerðar eru athugasemdir við myndina því hún er óskýr og ófullnægjandi um margt. Athugasemd er gerð við það að afmörkun fyrir friðland Ástjarnar er ekki rétt og inn á myndina vantar afmörkun fyrir hinn friðlýsta fólkvang. Fólkvangur nýtur verndar samkvæmt lögum og með sérstakt verndargildi samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Um er að ræða verulegan annmarka á framsetningu í bréfi sveitarfélagsins og hún beinlínis villandi fyrir þann sem ætlar að kynna sér málið.

Samkvæmt skýringum með myndinni eiga gular línur að sýna „brautirnar sjálfar“. Á myndinni má aðeins sjá mjóar gular og beinar línur en enga afmörkun að sjá fyrir t.d. breidd brautanna. Sá sem kastar frisbídisk kastar sjaldan nákvæmleg beint áfram eftir mjórri beinni línu. Myndin er því verulega villandi um umfang íþróttavallarins á svæðinu og það rask sem verður af brautunum og notkun þeirra fyrir friðlandið og fólkvanginn.

² Sótt á heimasíðu íþróttafélagsins þann 24. júlí 2024.

Staðhæft er í bréfi Hafnarfjarðarbæjar að tekið verði tillit til fornminja á svæðinu. Þetta er ekki útskýrt frekar né að þær séu merktra inn á myndina þannig þetta sé skýrt. Um er að ræða verulegan annmarka á myndinni.

Á brautum er kastað yfir göngustíga sem gerir það hreinlega hættulegt fyrir gangandi og hjólandi fólk að fara um svæðið.

Einnig er gerð athugasemd við að gert sé ráð fyrir að gengið sé utan skipulagðra göngustíga milli brauta sem er með öllu óásættanlegt á verndarsvæði sem þessu. Þessi reglubundni ágangur mun breyta ásjón og landslag svæðisins til frambúðar og til hins verra.

Umferð gangandi fólks er leyfð á göngustígum en vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið á varptíma frá 1. maí – 15. júlí en að þessu er ekkert vikið í bréfi sveitarfélagsins.³

Þá liggja brautir alveg upp að friðlandi tjarnarinnar. Í tveimur brautum er kastað afar nálægt og í átt að tjörninni.

Þá eru engar upplýsingar veittar í bréfinu eða myndinni um teigana sem slíka, t.d. fjölda, útlit og stærð. Ætla má að hér sé um að ræða mikinn fjölda teiga þar sem hver og einn teigur hefur nokkuð umfang. Mikið rask þarf til að koma þeim niður og festa ásamt því að þeir verða algjört lýti fyrir ásjón hins verndaða svæðis, bæði horft af jörðu og ofan af Ásfjalli.

Friðlýstur fólkvangurinn er svæði fyrir gangandi og hjólandi fólk á skipulögðum göngustígum sem hafa verið settir upp innan svæðisins og sjá má merkta inná gildandi aðalskipulagi. Um er að ræða ósnortið og friðsælt svæði á höfuðborgarsvæðinu til gönguferða innan um náttúru sem þar hefur fengið að vaxa og dafna. Það fer ekki saman að þar eigi að koma fyrir rúmlega 2 kílómetra íþrótt- og keppnisvelli með tilheyrandi truflun fyrir þá sem sækja svæðið og raski á umhverfi, dýralíf og gróðri.

Hafa ber í huga að völlum sem þessi er ekki eingöngu notaður af iðkendum íþróttafélagsins á skipulegum viðburðum eða æfingum (eða af t.d. fjölskyldufólki kl. 13 á sunnudögum sem drekkur vatn) heldur verður völluminn notaður á öllum tíma sólarhringsins t.d. þegar bjartast er yfir sumarið, og jafnvel þar sem oft á tíðum er áfengi haft við hönd. Engin eftirfylgni er með umgengni við notkun íþróttavallarins, t.d. eins og á við um sambærileg íþróttasvæði eins og á golfvöllum. Eykur þetta til munar hættu fyrir röskun og áhættusama umgengni upp við og í friðlandi Ástjarnar og röskun á nætursvefni og friði íbúa í grennd við svæðið og nærliggjandi götum.

Í bréfi Hafnarfjarðarbæjar dags. 12. júlí sl. er m.a. staðhæft að tekið sé tillit til húseiganda þeirra lóða sem liggja að svæðinu með því að passa að teigar og körfur séu ekki nálægt húsum í hverfinu. Þetta er rangt. Spóaásinn okkar liggur aðeins nokkrum metrum frá fyrstu braut og síðustu braut íþróttavallarins (1 og 18 þar sem hafinn er kappleikur og honum lokið). Örstutt er frá teigum og körfum að húsum og lóðum. Þetta er með öllu óásættanlegt enda ljóst að rask fyrir íbúa verður verulegt bæði af umgengni til og frá brautunum bæði vegna æfinga en einnig stærri keppnismóta. Hávaði á öllum tímum sólarhringsins, rusl og rask á gróðri í kring er beint fyrir utan húsin okkar, þar sem er skipulagður göngustígur með friðsæld og óspilltri náttúru fólkvangs og friðlands.

³ Greinargerð með aðalskipulagi Hafnarfjarðar, bls. 69.

Ljóst er að umferð og lagning ökutækja í nálægum íbúagötum, þ.á m. Spóaási, mun aukast til muna t.a.m. kringum stærri viðburði, mótshöld og skemmtanahöld. Þetta veldur tilheyrandi raski fyrir íbúa sem hafa hingað til búið við friðsæld og lágmarks umferð í botnlangagötum. Ekkert er vikið að þessum þáttum í bréfi Hafnarfjarðarbæjar dags. 12. júlí sl.

Það þarf enginn að velkjast í vafa um aukna umferðarhættu og þá röskun sem völlurinn mun hafa á okkur íbúa í Spóaási með aukinni umferð bifreiða þar sem ökutækjum verður lagt út um allt í götunni. Aðeins eru örfá gestastæði í Spóaás sem þegar eru afar vel nýtt. Til að mynda er eitt gestastæði efst í Spóaásinum sem í dag þyrftu að vera fjögur. Þaðan er stysta leið á braut 1. Aðstæður við braut 18 inn í Spóaásinn eru sambærilegar. Bara í þessu ljósi er hugmynd um ípróttavöll á hinu friðlýsta svæði fráleit.

Málsmeðferð Hafnarfjarðarbæjar er ólögsmæt

Í bréfi Hafnarfjarðarbæjar, dags. 12. júlí sl., er ekkert vikið að því að þetta mál á sér forsögu í meðferð sveitarfélagsins.

Sjá má að málið var kynnt á fundi ípróttá- og tómsbundanefndar 10. október 2023 sem golfvöllur í upplandi Hafnarfjarðar. Í fundargerð frá fundinum segir eftirfarandi: „2209799 – Frisbegolfvöll í uppland Hafnarfjarðar. Farið yfir stöðu varðandi vinnu við staðsetningu vallarins. Ípróttá- og tómsbundanefnd telur hugmyndir Frisbígolffélagsins varðandi staðsetningu á frisbígolfvelli vera mjög góða“. Samkvæmt fjölmiðlum var ráðgert að ípróttavöllurinn yrði staðsettur í hlíðum Selhöfða við Hvaleyrarvatn. Þessi áform mættu andstöðu Skógræktarfélags Hafnarfjarðar en félagið taldi að rask af ípróttavelli yrði of mikið, að fella þyrfti of mörg tré og að ípróttin ylli töluverðum skemmdum á gróðri.

Næsta sem sést á heimsíðu Hafnarfjarðarbæjar er að málið er tekið fyrir hjá umhverfis- og framkvæmdaráði hálfu ári síðar, þ.e. 17. apríl sl.

Í fundargerð frá þeim fundi er eftirfarandi bókað um málið og eins og þrjú úr heiðskýru lofti á að koma golfvöllinum fyrir á friðuðu verndarsvæði Ástjarnar/Ásfjalls: „2209799 – Frisbegolfvöll í uppland Hafnarfjarðar. Lögð fram tillaga að nýjum Frisbe-golfvelli við Ástjörn. Umhverfis- og framkvæmdaráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til umsagnar á umhverfis- og skipulagssviði og kynningar íbúa“.

Það er á huldu hver leggur fram þessa breyttu tillögu um staðsetningu ípróttavallarins. Á hinn bóginn má ætla að neikvæð viðbrögð Skógræktarfélagsins um staðsetningu hans við Hvaleyrarvatn hafi haft áhrif. Hvernig sveitarfélaginu detti það þá til hugar að koma ípróttavöllinum frekar fyrir alveg upp við íbúðabyggð og innan friðlýsts verndarsvæði fyrir dýralíf og gróður er okkur hulin ráðgáta og algerlega óskiljanleg áform.

Eins og áður segir er í bréfi Hafnarfjarðarbæjar 12. júlí sl. ekki upplýst um framangreinda forsögu málsins. Í bréfi sveitarfélagsins er vísað til fundar umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 15. maí sl. Þar var áfram fjallað um golfvöllinn og eftirfarandi bókað í fundargerð: „2209799 – Frisbegolfvöll í uppland Hafnarfjarðar. Lögð fram umsögn skipulagsins [umhverfis- og skipulagssvið] og kostnaðaráætlun. Umhverfis- og framkvæmdaráð vísar hugmyndum um frisbígolfvöll við Ástjörn til kynningar nærliggjandi íbúa og umsagnar Umhverfisstofnunar“. Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs er birt í fundargögnum en ekki kostnaðaráætlun.

Bæði bréf Hafnarfjarðarbæjar dags. 12. júlí sl. og umsögn umhverfis- og skipulagssviðs sýna að keyra á málið í gegn og stytta sér með ólögmetum hætti leið fram hjá lögum og reglum sem gilda um skipulagsmál og svæðið sem nýtur lögbundinnar verndar sem friðlýstur fólkvangur og friðland.

Í bréfi Hafnarfjarðarbæjar, dags. 12. júlí sl., og umsögn umhverfis- og skipulagssviðs kemur fram að framkvæmd íþróttavallar á fólkvanginum og upp við friðlandið rúmist innan gildandi skipulags. Ekki sé til deiliskipulag af svæðinu en í aðalskipulagi Hafnarfjarðar sé svæðið skilgreint sem „opið svæði“. Fram kemur að í skilgreiningu í skipulagsreglugerð taki það til svæðis fyrir „útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar“. Í bréfi Hafnarfjarðarbæjar er staðhæft án skýringa, að framkvæmdin sé í samræmi við skilmála fólkvangsins en ekkert er vikið að friðlýsingum í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs bæjarins.

Gerð er athugasemd við framangreint.

Það er rangt að svæði Ásfjalls og Ástjarnar sé á aðalskipulagi skilgreint sem „opið svæði“ líkt og staðhæft er í bréfi Hafnarfjarðarbæjar og umsögn umhverfis- og skipulagssviðs. Þvert á móti eru svæði Ásfjalls og Ástjarnar merkt „FS1“ og „FS2“ á aðalskipulagi og í greinargerð með aðalskipulagi er fjallað um að svæðin njóti sérstakrar verndar, sbr. kafla 2.2.22 og töflu 22 með yfirliti yfir náttúruvætti og friðlönd í greinargerðinni.⁴

Það er í engu samræmi við aðalskipulag að setja upp í friðlýstum fólkvangi og uppvið friðland tjarnarinnar eitt stykki íþróttavöll sem er m.a. æfingar- og keppnisvöllur starfandi íþróttafélags.

Staðhæfingar í bréfi sveitarfélagsins og umsögn umhverfis- og skipulagssviðs um að ekki sé til deiliskipulag fyrir svæðið sem íþróttavöllurinn nær inn á eru rangar. Það eru brautir sem ná inn á deiliskipulag fyrir Ásland 1 og 2.⁵

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er „íþróttasvæði“ skilgreint sem svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði og golfvelli. Ljóst er að 2 kílómetra og 18 brauta íþrótt- og keppnisvöllur fyrir íþróttagrein eins og frísbíggolf fellur undir íþróttasvæði í framangreindum skilningi. Ásfjall og Ástjörn eru ekki á svæði sem er skilgreint sem íþróttasvæði.

Málið hefur ekki fengið umfjöllun fyrir skipulags- og byggingaráði og málsmeðferðin fer gegn ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010.

Þá horfir sveitarfélagið með öllu framhjá því að umrædd svæði Ástjarnar og Ásfjalls njóta einnig friðlýsingar samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Sérstaklega er vísað til þessa í greinargerð með aðalskipulagi.

Friðlýsing samkvæmt náttúruverndarlögum hefur það markmið að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags, sbr. 38. gr. náttúruverndarlaga. Fólkvangurinn er einn flokkur

⁴ Svæði sem eru opin svæði eru merkt „OP“ og það á ekki við um svæði Ásfjalls og Ástjarnar.

⁵ Á mynd sem fylgir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs er braut 18 ekki á sama stað eins og hún er kynnt íbúum á mynd í bréfi Hafnarfjarðarbæjar 12. júlí sl. Þetta ósamræmi er ekki útskýrt.

friðlýstra svæða samkvæmt lögnum. Samkvæmt 52. gr. laganna skal verndun fólkvangs miða að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Rifja ber upp að stofnun fólkvangs var einnig sett fram til að vernda friðland Ástjarnar. Uppsetning á heilum keppnisípróttavelli, með öllu því raski sem fylgir bæði af mannvirkinu sem slíku en einnig notkun hans, er ekki í samræmi framangreinda lagaskyldu um vernd á svæðinu og markmið hennar.

Í 1. gr. reglna um fólkvang við Ástjörn og Ásfjall, sbr. auglýsingu nr. 658/1996, segir eftirfarandi: „*Gangandi fólki er frjáls umferð um svæðið enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður og valda óþarfa truflun á dýralífi.*“ Í 3. gr. reglnanna kemur fram að svæðið skuli skipulagt til „*almennrar útivistar*“. Uppsetning keppnisvallarins og umgengni um hann fer gegn þessum reglum enda mun ípróttavöllurinn hafa veruleg neikvæð áhrif á verndargildi friðlýsinganna.

Það er því rangt sem fram kemur í bréfi Hafnarfjarðarbæjar 12. júlí sl. að keppnisvöllurinn sé í samræmi við skilmála fólkvangsins. Þvert á móti er ípróttavöllurinn í engu samræmi við náttúruverndarlög eða anda þeirrar friðlýsingar og reglna hennar sem gilda um hið verndaða svæði.

Einnig er gerð athugasemd við að í bréfi Hafnarfjarðarbæjar frá 12. júlí sl. og í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs komi fram að Umhverfisstofnun hafi „*þegar gefið jákvæð viðbrögð*“ við uppbyggingu ípróttavallar innan fólkvangsins. Ekkert er meðfylgjandi bréfinu eða umsögninni sem sýnir að þessi staðhæfing sé rétt. Þvert á móti segir í fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 15. maí sl. að það eigi að leita „*umsagnar Umhverfisstofnunar*“ þ.e. afstaða Umhverfisstofnunar liggur **ekki** fyrir.

Lokaorð

Umrætt bréf Hafnarfjarðarbæjar, dags. 12. júlí sl., kom inn um bréfalúgu örfárra íbúa Áslandsins þegar sumarleyfi eru í hámarki og færri heimavið en vanalega (barst inn um bréfalúgur 16. júlí sl.). Þannig liðu um 40 virkir dagar frá því að tekin var ákvörðun á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 15. maí sl., um að málið ætti að fara í kynningu, þar til íbúar fengu bréf inn um bréfalúguna þar sem er gefinn stuttur frestur til athugasemda eða til 10. ágúst næstkomandi. Þessi málsmeðferð sveitarfélagsins takmarkar verulega möguleika íbúa og annarra til vita af málinu eða bregðast við innan frestsins. Þessi vinnubrögð eru óforskammarleg.

Samtals eru rúmlega 90 frisbígolfvellir á landinu og þar af einhverjir tugir á höfuðborgarsvæðinu þ.á m. á Víðistaðatúni í Hafnarfirði. Það er því ekki verulegur skortur fyrir svæði til að stunda sportið. Hagsmunir hins friðlýsta svæðis og gangandi og hjólandi fólks sem fer um fólkvanginn eiga ekki að víkja í tilvikum sem þessum. Þvert á móti ætti sveitarfélagið sem heilsueflandi bær að setja upp aðgerðaráætlun til að betrumbæta svæðið í samræmi við markmið friðlýsinga, t.d. fjölga fræðslumerkingum á svæðinu til að efla lagalega skyldu sína um fólkvanginn um vernd og fræðslu, s.s. með skilti um fornminjar og dýralíf.

Við íbúar í Spóaási höfnum því að friðlýstum fólkvanginum og friðlandi Ástjarnar og Ásfjalls verði spillt með umræddum ípróttu- og keppnisvelli og krefjumst þess að Hafnarfjarðarbær falli frá áformunum. Sveitarfélagið hefur um að ráða nægu landssvæði á öðrum stöðum

með skilgreindum íþróttasvæðum. Engin nauðsyn er að fórna einni af falletustu náttúruperlu Hafnarfjarðar sem bæjarbúar og aðrir sækja mikið og reglulega.

Undirrituð áskilja sér fullan rétt til að sækja mál þetta fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og eftir atvikum dómstólum.

Virðingarfyllst, íbúar Spóaási

| | |
|--|---|
| Kilmar Valgerður Spóaás 8. KT 210962-3879 | Uinnur Rha Amund Spóaás 8 290967-4579 |
| Ólöf Guðbjörnsdóttir Svava R. Olaf | Spóaás 6 1209434/39 Spóaás 4 1809554759. |
| Helga Snorradóttir | Spóaás 1 260664-4099 |
| Stella Hrund Ásbjarnardóttir | Spóaás 1 200103-3350 |
| Þorbjörg Þórunn Ólaf K. Guðbjörnsdóttir | SPÓÁÁS 5 3001512569 - 11 - 050454-2669 |
| Guðbjörg Petursd | Spóaás 5 180697-3229 |
| Jens Gunnar Antonsson | Spóaás 12 260889-3469 |
| Dagný Rut Hjartard. | Spóaás 12 300692-2739 |
| Ólga Björg Ólafsd. | Spóaás 14 031052-4919 |
| Torfi Kristinn Kristinsson | Spóaás 14 130449-8169 |
| Þórir P. Þórðarson. | Spóaás 16 170762-2589. |
| Sigrún Auðl. | Spóaás 16 260665-5379 |
| STEPANNA ALEXANDER | Spóaás 20 140467-5459. |
| Hlynur Freyr Þingsson | Spóaás 20 070369-4519 |
| Hulda Hákonardóttir | Spóaás 10 050180 5229 |
| Fridger Kemp | Spóaás 10 260378-3999 |
| Laura Vesaule | Spóaás 9 190184-3589 |
| Hlynur Herjólfsson | Spóaás 9 031083-3899 |

Juhani Oskari 041047-3139 Spöök 18

Olaf Gudmundsson 230947-4309 —11—

Helge Laufey Gudmundsd. 110870-4699 Spöök 22

Valdimar Óshorn 180467-4759 Spöök 24

Travisti Felix Valdimarsson 191298-2849 Spöök 24

Uiktoria Valdimarsdóttir 050593-3359 —11—

Agnst Þechalsson 271072-3414 Löuás 21

From: Unnur Elva Arnardóttir <unnurelva@skeljungur.is>
Sent: þriðjudagur, 16. júlí 2024 19:53
To: Geir Bjarnason <geir@hafnarfjordur.is>
Subject: Frisbígolfvöllur við Ásfjall

Kæri Geir

Ég hef ekki heyrt aðra eins vitleisu og að setja þennan völl á svæðið við Ástjörnina okkar, á sínum tíma kaupum við Spóaás 8 vegna þess að okkur var sagt að landið í bakgarðinum okkar væri allt friðlíst og að engar framkvæmdir færu þar fram. Þetta er útivist og góður göngutúr fyrir okkur hjónin og fleyri, að setja upp svona völl eikur átroðning á svæðið, rusl og margt annað neikvætt sem fylgir þessu. Árið 2022 voru settir upp bekkir fyrir þá sem eru fótalúnir og geta þá tillt sér í góða göngutúrunum

Þetta er algjör fásína að gera þennan völl á þessum stað, það hlýtur að vera betri staður fyrir hann,

Hvar eiga menn að leggja sínum bílum

Hver á að sjá um þessa velli

Ég og sonur minn höfum aðeins stundað þessa íþrótt og ég veit alveg hvernig umgegni er í kringum svæðið

Ég óska hér með eftir því að þetta verði endurskoðað

Með fyrirfram þökk

Kveðja

Unnur Elva Arnardóttir

Spóaás 8

Sími 8987170

Viðbrögð íbúa í nágrenni á friðslýstum fólkvangi, lands Ástjarnar og Ásfjalls


Í framhaldi af erindi Hafnarfjarðarbæjar dags. 12.7 sl. vilja neðangreindir íbúar við Erluás koma eftirfarandi ábendingum á framfæri. Íbúarnir hafa búið á svæðinu í yfir tuttugu ár, eru flest frumbyggjar í Áslandi og þekkja vel til gildi svæðisins.

- Mikilvægt er að erindi sem þessi eigi sér stjórnýslulegan réttan farveg sem í þessu tilfalli er skilgreindur í skipulagslögum nr. 123/2010. Í því tilfalli er nauðsynlegt m.t.t. stjórnýslu Hafnarfjarðarbæjar að skipulags- og byggingarráð skv. 6. gr. laganna fjalli um málið og beiti rannsóknar- og upplýsingaskyldu stjórnýslulaganna við meðferð þess.
 - Ekki er nægjalegt skv. lögnum að önnur ráð og nefndir taki málið til frumskoðunar s.s. íþróttá- og tómstundanefnd eða umhverfis- og framkvæmdaráð.
 - Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 52. gr. laganna.
 - Umfjöllun um málið er óljós.
 - Málið kynnt í íþróttá- og tómstundanefnd 10.10.23 sem golfvöllur í upplandi Hafnarfjarðar - „2209799 – Frisbegolfvöllur í upplandi Hafnarfjarðar. Farið yfir stöðu varðandi vinnu við staðsetningu vallarins. Íþróttá- og tómstundanefnd telur hugmyndir Frisbegolffélagsins varðandi staðsetningu á frisbegolfvelli vera mjög góða“.
 - Málið tekið fyrir hjá umhverfis- og framkvæmdaráði 17.4.24 „2209799 – Frisbegolfvöllur í upplandi Hafnarfjarðar. Lögð fram tillaga að nýjum Frisbe-golfvelli við Ástjörn. Umhverfis- og framkvæmdaráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til umsagnar á umhverfis- og skipulagssviði og kynningar íbúa“.
 - Á þessu stigi sbr. fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs 17.4.24 er algjörlega óljóst af hverju umrætt erindi um mál í upplandi Hafnarfjarðar tekur stigbreytingu til þess snúnings að vera lagt fram sem tillaga á golfvelli við Ástjörn. Einnig er óljóst hver leggur fram tillöguna, er það ráðið eða 3ji aðili sem sendir erindi inn á fundinn. Stefnubreytingin liggur ekki fyrir.
 - Líklegt má telja og skv. frásögn Skógræktarfélags Hafnarfjarðar að verkefnið hafi tekið þessu U-beygju, enda viðbrögð Skógræktarfélagsins neikvæð. Viðbrögðin og „umsögn“ félagsins er því í samræmi við þá aðför sem nú er gerð að áratuga skógrækt á svæðinu sem hinn friðlýsti fólkvangur stendur fyrir.
 - Á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs dags. 15.05.24 er ennþá fjallað um golfvöll í upplandi Hafnarfjarðar og segir „2209799 – Frisbegolfvöllur í upplandi Hafnarfjarðar. Lögð fram umsögn skipulagsins og kostnaðaráætlun. Umhverfis- og framkvæmdaráð vísar hugmyndum um frisbegolfvöllur við Ástjörn til kynningar nærliggjandi íbúa og umsagnar Umhverfisstofnunar“.
- Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs er birt í fundargögnum en ekki kostnaðaráætlun né heldur skrifleg umsögn Umhverfisstofnunar.
- Í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 13.05.24 er eftirfarandi tilgreint:
 - Opið svæði „Ekki er til deiliskipulag af svæðinu, en í aðalskipulagi Hafnarfjarðar er svæðið skilgreint sem opin svæði“.
 - Opið svæði „Í skilgreiningu fyrir opin svæði í skipulagsreglugerð stendur: Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar“.

- Landnotkunarflokkun „Í þessu tilfelli rúmast þessi íþrótt innan landnotkunarflokkinn úr aðalskipulaginu þar sem um er að ræða útivist með lágmarks mannvirkjagerð“. (innsk. hér er væntanlega verið að túlka að íþróttastarfsemi golfvallarins geti verið á opnu svæði)

- Sjóarmið Umhverfisstofnunar „Umhverfisstofnun hefur gefið jákvæð viðbrögð við þessari tegund útivistar innan fólkvangsins“. (innsk. Engar umsagnir liggja fyrir hjá stofnunni).


- Í erindi Hafnarfjarðarbæjar dags. 12.07.24 segir
 - „framkvæmd sm rúmast innan gildandi skipulags“
 - „er í samræmi við skilmála fólkvangsins“
 - „umrætt svæði (sjá kort) er innan fólkvangs Ástjarnar og Ásfjalls en ekki innan friðlandsins sjálfs“ (innsk. kortið sjálf, sem sýnt er, hefur hvergi verið gefið út áður og eru friðlandsmörkin óljóst dregin inn á svæðið og á rangan hátt m.t.t. aðalskipulags“
 - „ekki er til deiliskipulag af svæðinu, en í aðalskipulagi Hafnarfjarðar er svæðið skilgreint sem opið svæði“ (innsk. brautarsvæðið er innan staðfest deiliskipulags, en til eru tvö deiliskipulög u svæðið).
 - „Í þessu tilfelli rúmast frisbíggolf íþróttin innan landnotkunarflokksins í aðalskipulagi“
 - „hefur Umhverfisstofnun gefið jákvæð viðbrögð um völl innan fólkvangsins“
- Gera verður alvarlegar athugasemdir um það hvernig lögformlega staðfestir skipulagsuppdættir, greinargerðir og lagagreinar eru settar fram og túlkaðar í allri þessari umfjöllun Hafnarfjarðarbæjar. Ítrekað er mikilvægi þess að skipulags- og byggingarráð hafi stjórnarsýslulega aðkomu að málinu.
- Augljóst má telja að málið sé skipulagsskyt enda um íþróttasvæði að ræða. Fyrir því eru nokkrar ástæður:
 - Það félag sem hyggst nota völlinn er íþróttafélag, Frisbíggolf félag Hafnarfjarðar, er skráð sem hjá fyrirtækjaskrá RSK í atvinnugreinaflokkunina 93.12.0 Starfsemi íþróttafélaga.
 - Á engan hátt er hægt að víkja sér undan því að starfsemi íþróttafélaga fari ekki fran á skilgreindu íþróttasvæði skv. skipulagslögum þótt að vanhöld hafi orðið á hjá einstaka sveitarfélögum. Frisbíggolfsambandið leggur áherslu á að um sé að ræða sport (íþrótt). Keppnishald er víðtækt hjá sambandinu eða um 100 keppnir á ári.
 - Staðfest deiliskipulag liggur fyrir vegna hluta þess svæðis sem er afmarkaður fyrir golfvöllinn (íþróttasvæðið). Sjá Deiliskipulag Áslands 1. áfangi og Deiliskipulag Áslands 2.



áfangi (Ásland – Grísanes). Á skipulagsuppdráttum deiliskipulagsins (tveir uppdættir) kemur berlega í ljós hvar deiliskipulagsmörkin eru (sjá myndir úr skipulagsuppdráttum)



- Þá liggur fyrir að ekki er rétt farið með umfjöllun um aðalskipulag Hafnarfjarðar. Algjörlega er sniðgengið að fjalla um friðlýsinguna á fólkvanginum sem er á svæðinu. Fjölmarginir uppdættir svo og greinargerð Aðalskipulags sýna það að svæðið er friðlýst sbr. lög um friðlýsinguna. Í aðalskipulagi segir:
 - 2.2.22 Friðlýst svæði. Almenn ákvæði: Friðlýstar náttúruminjar skiptast í þjóðgarða, friðlönd, náttúruvætti og fólkvanga. Engar framkvæmdir eru heimilar á þessum svæðum.
 - Á skipulagssvæðinu eru níu svæði sem friðlýst eru samkvæmt náttúruverndarlögum og gerð er tillaga að tveimur í viðbót. Á þessum svæðum er óspillt náttúra í landi Hafnarfjarðar lögformlega vernduð og ætluð til útivistar. skulu vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Í friðlýsingarákvæðum hvers svæðis er gerð grein fyrir reglum sem gilda um svæðið.
 - Hér verður gerð grein fyrir hvaða svæði og staðir njóta mismunandi verndar og eru svæðin eftirfarandi: Friðlýst svæði skv. náttúruverndarlögum. Svæði á Náttúruminjaskrá. Svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga (t.d. hraunsvæði).
 - Hafa skal samráð við Umhverfisstofnun vegna skipulags og framkvæmda á og við náttúruverndarsvæði s.s. svæði á náttúruminjaskrá eða þeirra sem falla undir 37. gr laga um náttúruvernd nr. 44/1999.
 - Hafa þarf samráð við Umhverfisstofnun vegna skipulags og framkvæmda á og við náttúruverndarsvæði s.s. svæði á náttúruminjaskrá eða þeirra sem falla undir 37. gr laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Skilgreining: Svæði á náttúruminjaskrá, þ.m.t. svæði í náttúruverndaráætlun, jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun. (gr. 6.3.4 í skipulagsreglugerð).




Þá segir um svæði FS1 og FS2 í staðfestu aðalskipulagi Hafnarfjarðar

- FS1 - Ásfjall – fólkvangur, friðlýstur 1996 (FS1).

Ásfjall var friðlýst sem fólkvangur árið 1996. Fólkvangurinn umlykur friðland Ástjarnar en Ástjörn og svæðið umhverfis hana var friðlýst árið 1978. Útsýni af fjallinu er gott og

sérstaklega áhugavert fyrir áhugafólk um jarðfræði og sögu höfuðborgarsvæðisins. Á Ásfjalli eru minjar um hersetu fyrr á öldinni. Stærð fólkvangsins er 56.9 ha.



- FS 2 - Ástjörn – friðland, friðlýst 1978 (FS2).

Tjörnin sjálf og næsta nágrenni hennar, alls 28.5 ha. Ástjörn er einstætt náttúrufríbærir sem á sér

engna hliðstæðu í næsta nágrenni hins nær samfellda þéttbýlis höfuðborgarsvæðisins. Tjörnin og svæðið umhverfis hana einkennist af mjög auðugu gróður- og dýralífi og í henni er mikið smádýralíf sem er þó lítt rannsakað. Umferð er leyfð á göngustígum en vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið á varptíma frá 1. maí – 15. Júlí.

- Hér er rétt að setja friðlýstu svæðin (FS1 og FS2) í samhengi við önnur friðlýst svæði í Hafnarfirði m.t.t. þess að sýna að íþróttasvæði (golfvöllur) á engan veginn heima á þessum stöðum. Við yfirferð á svæðunum er það ljóst að ef svo ætti að vera yrði það að vera í samræmi við skipulagsskyldu, lög um náttúruvernd og lögformlegar umsagnir en svæðin eru:
 - Hamarinn – náttúruvætti, friðlýstur 1984. (FS3)
 - Reykjanesfólkvangur – fólkvangur, friðlýstur 1975. (FS4)
 - Litluborgir við Helgafell, friðlýstar 2009. (FS5)
 - Kaldárhraun og Gjárnar, friðlýstar 2009. (FS6)
 - Hleinar að Langeyrarmölum, friðlýstar 2009. (FS7)
 - Hvaleyrarlón og Hvaleyrarhöfði, friðlýstur 2009. (FS8) (Hvaleyrarvöllur undanskilin)
 - Stekkjarhraun, friðlýst 2009. (FS9)
 - Eldborgir undir Geitahlíð í Krýsuvík (FS12)
 - Straumsvík og Óttarsstaðir. (ÖN1)
 - Þorbjarnarstaðir, Péturskot og Gerði. (ÖN2)
- Önnur atriði sem vert er að vekja athygli á sem fer ekki saman með íþróttasvæði:
 - Fólkvangurinn og þá sérstaklega stígaumhverfi Ástjarnar er gífurlega fjölsótt sem vegna góðra göngu-, hlaupa- og hjólaleiða. Fólk með hunda sækir svæðið, án lausagöngu, í miklum mæli.
 - Leikskólinn Stekkjarás hefur um ártugabil sótt og nýtt svæðið reglulega sem framlengingu af leikskólalóðinni og kallast það að fara í „Tröllaskóg“.
 - Á íþróttasvæðum sbr. deiliskipulag íþróttasvæða í Hafnarfirði þarf að tryggja að aðkoma sé góð fyrir bílastæði vegna iðkenda s.s. vegna æfinga en ekkert síður vegna gesta við mótahald. En alla jafna koma iðkendur, keppendur og gestir á bílum með búnað sinn.
 - Hér er ekki hægt að víkja frá þeirri staðreynd að Hafnarfjarðarbær vakta, mæla og rannsaka svæðið um árabil til að tryggja að fuglar og náttúru gæti undið fram í góðu samstarfi við bæjarbúa. Sérstakur vaktmaður starfaði við Ástjörn í áratugi. Löngum vou

umhverfis- og fulglaskoðunardagar. Ástjörn og Flórgoðinn eru samofinn heild og um leið sögu Hafnarfjarðar.


- Ástjörn er að líkindum síðasti varpstaður flórgoðans á suðvestanverðu landinu. Tjörnin og nánasta umhverfi nýtur friðlýsingar vegna fjölskrúðugs fuglalífs og lífríkis, en líkt og áður kom fram er á varptíma fugla á tímabilinu 1. maí – 15. júlí ekki heimilt að ganga um svæðið utan merktra göngleiða.

- Í Fornleifaskrá Hafnarfjarðar – Ásland, útgefinni 2021 af Byggðasafns Hafnarfirði er vikið að ennfrekari sérstöðu svæðisins. Skráðar eru 72 minjar á vettvangi og ánnan tug á umræddu svæði sem er til umræðu í þessari umsögn. Augljóst er að þau aðvörunarorð um að minjarnar eru hafðar, en Byggðasafnið í samstarfi við Minjastofnun hefur hafið mótvægisáðgerðir til að vernda minjannar.

Niðurlag

Að þessari samantekt lokinni vilja íbúar benda á nokkur atriði sem betur mega fara við að skipuleggja íþróttasvæði í Hafnarfirði

- Fjalla um málið í skipulags- og byggingarráði skv. skipulagslögum nr. 123/2010, þar sem lögformlega er staðið að verklagi við breytingar á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags.
- Tryggja að umsagna sé leitað á réttan hátt skv. sömu lögum.
- Tryggja að aðkoma að íþróttasvæðinu sé þannig að bílastæði og gönguleiðir séu tryggar. Mikilvægi aðkomu iðkenda og gesta tengist hvort sem er æfingum eða viðtæku keppnishaldi með miklum fjölda gesta.
- Draga fram allar staðreyndir í málinu, líkt og nefna þau lykilatriði þegar friðlýst svæði eru til umfjöllunar.
- Horfa til annarra lausna en að leggja undir sig friðlýst svæði en hvergi á landinu hafa sveitarfélög sett um íþróttasvæði innan friðslýstra svæða.
- Það svæði sem liggur hvað best við skv. staðfestu aðalskipulagi er að nýta Íþ7 eða Íþ9 á betri hátt s.s. með stækkun eða koma fyrir nýju svæði Íþ11 þar á milli sbr. skýringarupprátt. Þar gætið sameiginleg uppbygging Hafnarfjarðarbæjar og íþróttafélagsins farið fram til engri tíma, en uppbygging íþróttasvæða er langtímaverkefni líkt og skógrækt.



Lokaorð

Líkt og kemur fram í þessari umsögn er umræddu íþróttasvæði hafnað á svæði Ásfjalls og Ástjarnar. Stjórnvaldsákvæðanir sem teknar eru á grundvelli skipulaga sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 52. gr. laganna.

Virðingarfyllst, íbúar Erluás 27, 29, 31, 33, 35, 37, 39 og 41.

- (27) Ingunn Helgadóttir og Atli S. Einarsson*
- (29) Nanna Leifsdóttir og Friðrik Friðriksson*
- (31) Rannveig Sigurðardóttir og Björn Arnar Magnússon*
- (33) Hrönn Ásgeirsdóttir og Gunnar Svavarsson*
- (35) Kristín Helgadóttir og Gísli Jón Gíslason*
- (37) Ásta Margrét Karlsson og Ólafur Mar Jósefsson*
- (39) Anna Margrét Þórsdóttir og Ólafur Gauti Hilmarsson*
- (41) Sigríður Elísabet Guttormsdóttir og Jón Þórðarson*

Geir Bjarnason, íþrótt og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar

Athugasemdir um gerð frísbíggolfvallar við Ásfjall.

A. Umhverfisáhrif

Um friðlýsingu Ástjarnar við Hafnarfjörð segir “Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Ástjörn við Hafnarfjörð **ásamt næsta nágrenni og er svæðið friðland.**”

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað án leyfis [Umhverfisstofnunar].
2. Óheimilt er að breyta náttúrulegu vatnsborði Ástjarnar, svo og að losa á vatnasviði hennar efni sem skaðað geta gróður eða dýralíf á svæðinu.
3. **Gangandi fólki er heimil för um svæðið.** Á varptíma (1. maí - 15. júlí) er umferð um svæðið óheimil.
4. Öllum er skylt að ganga vel og hreinlega um friðlandið.
5. **Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf, skaða varp og fara um friðlandið með skotvopn.**”

Gerð svona stórs frísbíggolfvallar leiðir af sér umfangsmikla röskun á skógarsvæðinu við Ástjörn. Svæðið var hugsað sem fuglafriðland og svona umfangsmiklar framkvæmdir leiða af sér mikla röskun á fuglafriðlandinu. Brautirnar fara flest allar í gegnum þétt skógarsvæði sem verður að ryðja burt að stórum hluta og raska þar með öllu fuglalífi á svæðinu. Brautirnar fara auk þess þvert yfir vinsælar og mikið notaðar göngu- og hlaupaleiðir um svæðið.

B. Aðkoma

Öll aðkoma að friðlandinu við Ástjörn er um göngustíga. Það eru engin bílastæði á svæðinu fyrir þá sem vilja koma að svæðinu. Svona stór frísbíggolfvöllur hlýtur að vera hugsaður til keppni. Keppendur koma þá allstaðar að og þá væntanlega á bílum. Það mun leiða af sér að keppendur og aðrir notendur vallarins nota göturnar í Áslandi I til að geyma bíla sína með tilheyrandi ónæði , raski og truflun fyrir íbúa svæðisins og þjónustubifreiðar svo sem sorphirðu og fl..

C. Aðstaða

Ef hér er um keppnisvöll að ræða þá kallar það á frekari uppbyggingu svo sem bílastæði, salernisaðstöðu og klúbbhús til að halda utanum skráningar og fleira. Þetta innilokaða friðland við Ástjörn ber ekki slíka uppbyggingu. Leikur á 18 brauta frísbíggolfvelli á sér ekki stað á stuttum tíma og kallar á aðstöðu fyrir keppendur. Það er þá nær að halda sig við 18 brauta frísbíggolfvöll við Selhöfða eins og fyrirhugað var. Þá er hægt að byggja upp aðstöðu og aðkomu.

D. Hljóðmengun

Keppnisvöllur af þessari stærð leiðir af sér hróp og köll fram eftir kvöldi á góðviðrisdögum. Hljóðmengun er næg fyrir. Það bergmálar mikið á svæðinu og heyrir oft hávaði neðanfrá Vallarsvæðinu og jafnvel skothvellir frá skotsvæðinu við Iðavelli.

E. Almenn

Ekki væru gerðar athugasemdir við lítinn tómsunda frísbíggföll til útivistar á opna svæðinu fyrir austan fríðlandið og jafnvel eitthvað niður á skógarsvæðið en 18 brauta frísbíggföllur á þessu svæði er alltof umfangsmikil framkvæmd og rask fyrir þetta viðkvæma fuglafríðland. Eins og að ofan greinir má gera ráð fyrir að svona umfangsmikil framkvæmd á lokuði fríðlandi í byggð kalli á allsherjar umhverfismat á svæðinu, sem lítill frísbíggföllur til tómsunda myndi ekki gera.

Virðingarfyllst,

Torfi Kristinn Kristinsson
Helga Ketilsdóttir
íbúar í Spóaási 14

From: Ólafur G <olafurgra10@gmail.com>
Sent: mánudagur, 5. ágúst 2024 14:40
To: Geir Bjarnason <geir@hafnarfjordur.is>
Subject: Frisbee golfvöllur áslandi

Sæll Geir

Hér eru nokkrir punktar sem við í Gauksási 47 höfum áhyggjur af og veldur því að við mótmælum byggingu frisbee golfvallar í Áslandi.

*Nálægð við friðland. Frisbee golfvöllur í slíkri nálægð við friðland með tilheyrandi látum og drykkju á öllum tímum sólarhrings mun að öllum líkindum ekki hafa góð áhrif á fuglalíf. Það yrði sorglegt að horfa upp á friðlandið fara og því yrði rutt í burtu til dæmis fyrir íbúðarhverfi. Það sem gerir Hafnarfjörð flottasta bæinn er einmitt miðbærinn, Hellisgerði, Víðisstaðatún, friðlandið í Áslandi ásamt fleiri perlum. Þar að auki eru ekki allir ofan í öllum. Við megum ekki tapa því og það er stutt lína á milli þess að halda og tapa friðandinu.

*Skortur á bílastæðum mun valda því að spilarar og keppendur munu þurfa að finna sér bílastæði í götum sem eru ekki hugsaðar fyrir slíkan fjölda. Til dæmis þá er nóg af bílastæðum við Víðisstaðatún og Vífilstaði og nýr frisbee golfvöllur þarf að vera á slíkum stað sem ræður vel við auka álag.

*Rólegt hverfi. Margir sem keyptu eignir í Áslandi 1 og 2 gerðu það í þeirri trú að komast í rólegt úthverfi þar sem börn geti leikið sér þökkalega örugg í botngötum. Frisbee golfvöllur með öskrum, köllum, drykkjulátum og bílaumferð á öllum tímum sólarhrings er ekki velkomin hluti af þeirri ímynd.

Eins og hvað hugsunin er góð og frábært að verið sé að vinna í að bæta útisvæði og ýta undir útiveru bæjarbúa þá höfum við áhyggjur og teljum að þetta sé ekki rétti staðurinn fyrir nýjan frisbee golfvöll.

Takk fyrir áheyrnina
Kveðja
Ólafur og Erna Rósa